SKOÐUN Vigdís Jakobsdóttir leikstjóri skrifar um skammarverðlaun og barnasýningar. **17**

MENNING Vala Höskuldsdóttir gafst upp á því að reyna að eyða ekki krónu í mánuð. **34**

SPORT Þjálfari Fylkis nýtur stuðnings stjórnar þrátt fyrir verstu byrjun liðsins í efstu deild frá upphafi. **30**

SPJALDTÖLVUR Í SUMARFRÍIÐ
ASUS
FULLKOMINN FERÐAFÉLAGI
59.990

tl.is
TÖLVU LISTINN

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Miðvikudagur
26. júní 2013
148. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

FRÉTTIR

Fékk skilaboð úr fortíð

Hlín Magnúsdóttir, tvítug Kópavogsmær, fann tæplega sjö ára flöskuskeyti í Ólafsvík síðustu helgi. Það reyndist vera frá dönskum manni. **2**

Viðbragðsáætlun klár Hættumat vegna jarðskjálfta í Þingeyjarsýslum hefur ekki verið unnið sérstaklega en til er góð viðbragðsáætlun. **4**

Matarkarfan dýr á Íslandi Verð matarkörfunnar hér á landi er átján prósentum hærra en meðalverð í ESB. **10**

Vilja unglingaheimili burt Nágrannar unglingaheimilis í Fjólu-hvammi vilja það úr götunni. **12**



16

Bolungarvík	9°	SV	8
Akureyri	14°	S	8
Egilsstaðir	12°	S	9
Kirkjubæjarkl.	13°	S	5
Reykjavík	12°	SV	8

RIGNING Í dag verður víðast stíf SV-átt og rigning einkum um sunnan og vestanvert landið. Hiti 10-17 stig, mildast NA-lands. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Stöð 2 | Fólk

Útskrifumst elst úr háskóla

Nemendur í íslenskum háskólum útskrifast fjórum árum seinna að meðaltali úr grunnnámi en nemendur ríkja OECD. Þá verja Íslendingar einir þjóða hlutfallslega minni fjármunum til háskóla en grunnskóla.

MENNTAMÁL Íslenskir nemendur útskrifast elstir úr háskóla og næstelstir úr menntaskóla af nemendum OECD-ríkjanna. Þá er Ísland eina ríki OECD sem ver meiri fjármunum á hvern grunnskólanemanda en á hvern háskólanemanda.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) þar sem fjallað er um menntamál. Skýrslan nefnist Education at a Glance og kom út í gær.

Fram kemur í skýrslunni að Ísland sker sig úr í samanburði við önnur ríki OECD á nokkra vegu.

Þannig útskrifast Íslendingar 30,7 ára að meðaltali úr grunnnámi á háskólastigi og 20,8 ára úr menntaskóla. Að meðaltali útskrifast nemendur í ríkjum OECD 26,6 ára og 18,7 ára á sömu mælikvarða. Þá hefur Ísland þá sérstöðu að íslenskir grunnskólar verja 8,6% meiri fjármunum á nemanda en íslenskir háskólar, á meðan háskólar í OECD verja umtalsvert meiri fjármunum á nemanda en grunnskólar í OECD.

Verkefnisstjórn Samráðsvettvangs um aukna hagsæld á Íslandi birti í maí tillögur sínar. Meðal aðgerða sem verkefnisstjórnin lagði til var að stytta grunn- og/eða framhaldsskólanám á Íslandi, auk þess sem hún taldi veruleg tækifæri til hagræðingar á grunnskólastigi.

Friðrik Már Baldursson, prófessor við viðskiptafræðideild Háskólans í Reykjavík, stýrði vinnu verkefnisstjórnarinnar. Segir hann að skýrslan sýni fram á að tækifæri séu til að gera betur í menntakerfinu.

„Auðvitað hafa þó margir mismunandi þættir áhrif á þetta. Grunnskólinn er dýr á Íslandi en það hefur aldrei verið fyllilega skýrt. Sú skýring sem oftast er nefnd er sú að Ísland er dreifbýlt og með marga litla skóla en mig grunar að fleira komi til," segir Friðrik og bætir við að hægt sé að ná hagræðingu í grunnskólakerfinu án þess að fórna aðgangi allra að staðbundinni menntun.

- mþl / sjá síðu 6

→ Stytting grunn- og framhaldsskóla gæti skilað talsverðum ávinningi fyrir samfélagið; komið nemendum fyrr út á vinnumarkað og minnkað brotfall.

Friðrik Már Baldursson

RÆTT Í RIGNINGUNNI Vel fór á með forsetahjónunum, Dorrit Moussaieff og Ólafi Ragnari Grímssyni og forseta Þýskalands, Joachim Gauck, í gær. MYND/RUT SIGURÐARDÓTTIR

Ólafur Ragnar segir Joachim Gauck hafa sýnt viðræðuhléi skilning:

Þýskalandsforseti vildi ræða ESB

STJÓRNMÁL Joachim Gauck, forseti Þýskalands, óskaði sérstaklega eftir því á fundi með Ólafi Ragnari Grímssyni forseta í gær að fá að ræða þá ákvörðun ríkisstjórnar Íslands að gera hlé á aðildarviðræðum við Evrópusambandið.

Ólafur segir að þýski forsetinn hafi sýnt málinu mikinn skilning. „Það var ekki vottur af fjandskap eða gagnrýni út af þessari ákvörðun Íslendinga heldur þvert á móti," sagði Ólafur Ragnar að loknum fundi forsetanna. Forsetarnir ræddu einnig málefni norðurslóða og samskipti Íslands og Þýskalands. Í dag fundar Ólafur Ragnar með Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, og Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra fundar með Guido Westerwelle, utanríkisráðherra Þýskalands. - hks

Tónleikar í Eldborgarsal:

Þungarokkarar spila með Sinfó

MENNING Þungarokkararnir í hljómsveitinni Skálmöld stíga á svið með Sinfóníuhljómsveit Íslands 29. nóvember. Á efnisskránni eru lög Skálmaldar af plötunum Baldri og Börnum Loka.

SNÆBJÖRN RAGNARSSON

„Þetta er hálfsúrrealískt en þetta leggst gríðarlega vel í okkur alla," segir Snæbjörn Ragnarsson, gítarleikari.

Það er tónskáldið Haraldur V. Sveinbjörnsson sem tekur það að sér að klæða þjóðlaga- og víkingarokkið í sinfónískan búning.

Snæbjörn segir það frábært þegar tónlist er brædd saman með þessum hætti, sérstaklega þegar menn átta sig á því að allt er þetta tónlist; sama hvort um rokk, popp eða klassík er að ræða. - fb / sjá síðu 34

„... óendanlega skemmtileg lesning."
UNNUR EGGERTS, SÖNG- OG LEIKKONA

www.forlagid.is
– alvöru bókabúð á netinu

VEIÐIHORNIÐ
SÍÐUMÚLI 8 - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 568 8410
VEIDIHORNID.IS
Savage Arms
The Definition of Accuracy
NÁKVÆMNI Á BETRA VERÐI
Veiðirifflarnir á blaðsíðu 13

Ultra reach tannburstinn frá
zendium
Mótaður eftir áhöldum tannlækna til að ná lengra

Góði tannhirðirinn
zendium

SPURNING DAGSINS

Sigríður, munið þið sjá hundrað og átján augunum eftir þessu númeri?

„Já, en ekki eitt þúsund, átta hundruð og átján augunum.“

Sigríður Margrét Oddsdóttir er forstjóri Já. Líklegt er að upplýsinganúmerinu 118 verði brátt breytt í 1818. Þegar fólk sér eftir einhverju er stundum talað um að það sjái átján augunum eftir því.

160 lántakendur eiga von á kröfu frá Dróma í kjölfar Hæstaréttardóms:

Drómi innheimtir 1,6 milljarða

SKULDAMÁL Drómi, slitastjórn SPRON og Frjálsa fjárfestingabankans, hyggst á næstunni rukka um 160 lántakendur um samtals 1,6 milljarð vegna gengislána sem hætt hefur verið við að endurreikna.

RÚV greindi frá málinu í gær. Fram kom að Drómi hefði, í kjölfar breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu í árslok 2010, endurreiknað öll íbúðalán sem bundin voru erlendum gjaldmiðlum. Þó hafi verið gerður sá fyrirvari í upphafi að lánin kynnu að vera lögleg, Drómi taldi enda að lögin brytu gegn stjórnarskrá.

Í maí komst Hæstiréttur svo að þeirri niðurstöðu að tiltekin lánaform hjá SPRON hefðu verið lögleg lán í erlendri mynt og í kjölfarið krafðist Drómi þess að ríkið bætti það tjón sem þrotabúin hefðu orðið fyrir þegar lánin voru endurreiknuð. Fjármálaráðuneytið hafnaði þeirri kröfu fyrir tveimur mánuðum og hefur Drómi nú ákveðið að krefja lántakendurna sjálfa um mismuninn, samtals rúmlega einn og hálfan milljarð króna, að því er fram kom á RÚV. - sh

SPRON Tiltekin lánaform hjá SPRON voru lögleg lán í erlendri mynt að sögn Hæstaréttar.

Skyndibitavenjur landans:

Pizza vinsælust

KÖNNUN Þeir sem eru með 600 til 799 þúsund í heimilistekjur kaupa sér frekar pizzu en þeir sem eru með lægri tekjur. Þetta kemur fram í nýrri könnun MMR.

Af þeim sem tóku afstöðu í könnuninni sögðust 42,5 prósent oftast kaupa sér pizzu þegar skyndibitamatur væri keyptur. Um 20 prósent sögðust oftast kaupa hamborgara og um 11 prósent sögðust ekki kaupa skyndibitamat.

Í GNOÐARVOGI Nokkrir lögreglubílar og fjöldi lögreglumanna var við störf í Vogunum upp úr hádegi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Viðbúnaður í Gnoðarvogi:

Tveir teknir eftir að kona fannst stungin

LÖGREGLUMÁL Tveir menn voru handteknir í gær í kjölfar þess að kona hlaut stunguáverka í Gnoðarvogi í Reykjavík. Konan var ekki lífshættulega særð, samkvæmt upplýsingum frá lögreglu.

Mikill viðbúnaður var í götunni upp úr hádegi í gær vegna málsins og rannsókn þess stóð langt fram eftir degi.

Lögregla varðist hins vegar allra frétta og ekki fékkst upp gefið hvort mennirnir tveir væru grunaðir um að hafa veitt konunni áverkana eða hvort hún hefði hlotið þá með öðrum hætti, hugsanlega af sjálfsdáðum.

Ekki fengust heldur upplýsingar um það í gærkvöldi hvort mennirnir væru enn í haldi. -sh

VEÐUR

Ekki veður fyrir fellihýsin

Spáð er allhvassri eða hvassri, þrettán til tuttugu metrum á sekúndu, og suðaustan átt í dag en stífri suðvestan átt vestan til á morgun samkvæmt upplýsingum sem finna á má á vef Veðurstofu Íslands.Þar segir að það líti út fyrir að ekkert ferðaveður sé fyrir þá sem eru með aftanívagna.

170 óska aðstoðar:

Fleiri leita til Stígamóta

SAMFÉLAGSMÁL Á fyrstu fimm mánuðum þessa árs hafa 170 einstaklingar leitað í fyrsta skipti til Stígamóta vegna kynferðisofbeldis. Það er um 64% heildarfjölda kvenna sem leituðu þangað í fyrsta skipti í fyrra.

264 konur leituðu til Stígamóta í fyrsta sinn í fyrra en í ár stefnir talan í að verða mun hærri. Anna Þóra Kristinsdóttir, starfskona hjá Stígamótum, segir að þessi aukning sé jákvæð. Hún þýði að fleiri séu að leita sér aðstoðar vegna sinna mála.

„Það varð aukning hjá okkur í kjölfar mikillar fjölmiðlaumræðu fyrr á árinu, til dæmis vegna máls Karls Vignis. Ég veit að fleiri stofnanir fundu fyrir auknu álagi í framhaldi af því. Við höfum aldrei fundið fyrir svona mikilli aðsókn fyrr,“ segir Anna Þóra. -þþo

Nýr maður til Strassborgar:

Róbert Spanó valinn dómari

DÓMSMÁL Þing Evrópuráðsins skipaði í gær Róbert Ragnar Spanó, prófessor og forseta lagadeildar Háskóla Íslands, dómara við Mannréttindadómstól Evrópu í Strassborg.

RÓBERT RAGNAR SPANÓ

Auk Róberts voru tveir tilnefndir fyrir íslands hönd, Guðmundur Alfreðsson, prófessor við lagadeild Háskólans á Akureyri og Oddný Mjöll Arnardóttir, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands.

Valnefnd mat Róbert hæfastan þeirra þriggja. Hann tekur við starfinu af Davíð Þór Björgvinssyni. - sh



FUNDUR ÚR FORTÍÐINNI Hlín Magnúsdóttir segir gamlan draum hafa ræst þegar hún fann flöskuskeytið frá sjómanninum á Mary Arctica í Gufuskálavör um helgina.

MYND/HLÍN MAGNÚSDÓTTIR

Undirbýr bréfaskipti við danskan sjómann

Draumur Hlínar Magnúsdóttur rættist þegar hún gerði óvænta uppgötvun í fjöru á Vesturlandi. Þar leyndist flöskuskeyti sem gæti reynst fyrirboði, að hennar sögn.

FÓLK Hlín Magnúsdóttir, tvítug Kópavogsmær, fann síðastliðna helgi í Gufuskálavör á Snæfellsnesi tæplega sjö ára flöskuskeyti.

Hlín var á ferðalagi með fjölskyldu sinni um Snæfellsnes, nánar tiltekið í Ólafsvík, þegar hún rakst á gripinn sem vakti athygli hennar. „Ég gekk í fjöruna þegar ég sá flösku. Hún reyndist síðan vera flöskuskeyti dagsett 29. nóvember 2006.“ Skeytið var frá dönskum manni sem var skipverji á danska skipinu Mary Arctica. Í skeytinu kemur fram nákvæm staðsetning skipsins, en samkvæmt því var skipverjinn staddur 200 mílur vestur af Orkneyjum. „Við erum á leiðinni til Grænlands frá Írlandi. Vinsamlegast sendu mér skilaboð ef þú finnur þessa flösku. Og síðan er heimilisfangið hans í Danmörku.“ les Hlín. „Ég er að fara að skrifa bréf til hans, ég er ekki alveg búin að ákveða hvað ég ætla að skrifa en ég sendi allavega mynd af mér með skeytið.“

Hlín segir fundinn hafa fært henni nýja trú á fyrirbærið. „Mig hefur alltaf dreymt um að finna flöskuskeyti. Þetta fær mig örugglega til að senda slíkt sjálf fyrst það er möguleiki á að maður finni svona.“ „Ég á von á barni í nóvember, það er spurning hvort það kemur á þessum degi. Það væri svolítið fyndið,“ bætir Hlín við að lokum. nannae@frettabladid.is

Félagsmálaráðherra hyggst hækka tekjur sjö þúsund lífeyrisþega:

Öldruðum auðveldað að vinna

FÉLAGSMÁL „Frumvarpið mun hvetja til aukinnar atvinnuþátttöku ellilífeyrisþega þar sem frítekjumark mun nánast þrefaldast,“ segir Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, sem hefur lagt fram frumvarp um breytingar á lögum um almannatryggingar.

Frumvarpið kveður á um að frítekjumarkið vegna tekna ellilífeyrisþega verði hækkað úr 480 þúsund krónum á ári í 1.315 þúsund krónur á ári, eða um 174 prósent.

„Þá munu lífeyristekjur ekki lengur skerða grunnlífeyri sem hefur verið mikið gagnrýnt,“ segir Eygló. Með frumvarpinu er ætlunin að snúa við skerðingum á almannatryggingum sem síðasta ríkisstjórn réðst í árið 2009 í sparnaðarskyni.

Frumvarpið var lagt fram á Alþingi í gær og verði það að lögum mun það hafa áhrif til hækkunar á tekjum sjö þúsund lífeyrisþega. Þar af eru um 2.500 einstaklingar sem ekki hafa fengið greiðslur að undanförnu vegna tekjuskerðinga en öðlast rétt til lífeyris á ný.

Með breytingunum munu framlög ríkisins til almannatrygginga hækka um 850 milljónir á þessu ári og um 1,6 milljarða á því næsta þegar áhrif breytinganna eru komin fram að fullu.

Eygló sagði á Alþingi í gær að sumarþingi yrði ekki slitið fyrr en búið væri að afgreiða frumvarpið. - sh, þþo

VERÐUR KLÁRAÐ Frumvarpið verður afgreitt á sumarþingi, að sögn Eyglóar Harðardóttur.

4G er komið í iPad!

10x meiri hraði en 3G!

Fáðu 4G netið hjá **Nova** í iPadinn þinn.
Fyrsti mánuðurinn í áskrift á **0 kr.!**

1 mán. í áskrift á 0 kr. hjá Nova!

iPad 4

með 4G + WiFi

Verð frá: **124.990 kr.**

1 mán. í áskrift á 0 kr. hjá Nova!

iPad mini

með 4G + WiFi

Verð frá: **89.990 kr.**

Smáralind | Virka daga 11-19 • Fimmtudaga 11-21 • Laugardaga 11-18 • Sunnudaga 13-18 | Sími 512 1330
Laugavegi 182 | Virka daga 10-18 • Laugardaga 11-16 | Sími 512 1300

epli.is

SVONA ERUM VIÐ

14.009 voru skráðir í Háskólann í vetur.

Flestir voru skráðir 2009-10, 14.639. Veturinn 2007-8 voru nemendur 10.097. Aukning frá því fyrir áratug nemur 70 prósentum. Á fyrsta ári skólans, 1911-12, voru í honum 45 nemendur. *Heimild: Háskóli Íslands*

Formaður Stúdentaráðs gagnrýnir hugmyndir um hertar námskröfur til að eiga rétt á námslánum:

LÍN leggur til auknar kröfur um árangur

MENNTAMÁL Stjórn Lánasjóðs íslenska námsmanna (LÍN) hefur lagt til að krafa um lágmarksnámsárangur háskólanema verði hækkuð í sparnaðarskyni.

Verði þetta að veruleika þýðir það að nemar þurfa að ljúka 75 prósentum af námi sínu á hverri önn til að eiga rétt á námslánum, í stað 60 prósenta áður.

Tillagan er á meðal þeirra sem stjórn LÍN hefur sent fjármálaráðuneytinu til að mæta niðurskurðarkröfu.

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra tók ekki illa í hugmyndina í fréttum RÚV í gær og sagðist ætla að þeir sem væru í námi af fullri alvöru ættu að ráða við 75 prósenta námsframvindu.

María Rut Kristinsdóttir, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands, er hins vegar gagnrýnin á hugmyndina og bendir á að 75 prósenta námsframvinda sé 22 ECTS-einingar, sem passi illa við einingakerfi háskólans, enda sé drjúgur hluti áfanga skólans tíu einingar.

„Það þýðir að sé nemandi í fullu námi og taki þrjá tíu einingar áfanga hefur hann ekkert svigrúm til mistaka, eins og að falla í einum áfanga," segir hún. „Slíkt fall myndi einfaldlega þýða engin námslán." - sh, mlþ

MARÍA RUT KRISTINSDÓTTIR

ILLUGI GUNNARSSON

ÖRYGGISVERÐIR TIL VARNAR Hart var brugðist við því þegar konur stukku á bíl forsætisráðherra Túnis í Brussel í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Hálfnaktar konur gerðu usla í Brussel:

Stukku á bifreið forsætisráðherra

BELGÍA Ofurlítil truflun varð á heimsókn Ali Larajed, forsætisráðherra Túnis, í Brussel í gær þegar þrjár berbrjósta konur stukku á bifreið hans þegar hann hugðist yfirgefa höfuðstöðvar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Öryggisverðir brugðust hart við og yfirbuguðu konurnar svo hægt væri að aka bifreiðinni burt.

Tilefni mótmælanna var áfrýjunarréttarhöld sem hefjast í Túnis í dag yfir þremur evrópskum konum sem beruðu brjóst sín í mótmælum þar í landi fyrr á árinu og hafa verið dæmdar í fjögurra mánaða fangelsi.

Á fundi Larajeds með framkvæmdastjórninni var hann hvattur til að gera endurbætur á sakamálalöggjöfinni í Túnis. - gb

Hættumat vantar en viðbragðsáætlun klár

Hættumat vegna jarðskjálfta í Þingeyjarsýslum hefur ekki verið unnið sérstaklega. Hins vegar er mikið af upplýsingum fyrirliggjandi og góð viðbragðsáætlun á þeim byggð, að mati Almannavarna. Iðnaðaruppbygging á Bakka áfram í sama farvegi.

ÖRYGGISMÁL Ný viðbragðsáætlun vegna jarðskjálfta í Þingeyjarsýslum lá fyrir í mars. Hættumat hefur ekki verið unnið en vinna sérfræðingahóps nýtist til þess að ljúka þeirri vinnu. Bæjarstjóri Norðurþings segir nýja vitneskju um jarðskjálftasvæðið við Húsavík ekki breyta fyrirætlunum um iðnaðaruppbyggingu á Bakka.

VÍÐIR REYNISSON

„Það má segja að öll þessi vinna í kringum þessa ráðstefnu, með því að leiða saman alla þessa sérfræðinga, sé grunnurinn að því að vinna frekara hættumat fyrir svæðið. Sérstaklega á það við þegar menn eru að taka í notkun nýtt land; þá fara þeir yfir hlutina og athuga hvaða hættur eru á viðkomandi svæði," segir Víðir Reynisson hjá Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra. Víðir segir ýmis verkefni standa yfir við frekari upplýsingaöflun varðandi jarðskjálfta. „Þetta er alltaf spurning um hvers hættumat á að leiða til. Nú þekkjum við ágætlega hættuna fyrir norðan af fyrri reynslu. Það sem við vitum um hættuna á þessu svæði gerði okkur kleift að vinna góða viðbragðsáætlun," segir Víðir.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að jarðskorpumælingar sýndu að spenna í Húsavíkurmisgenginu væri til staðar fyrir skjálfta af stærðinni 6,8. Endurskoða þarf staðsetningu kísilmálmverksmiðju við Húsavík og jafnvel færa sjúkrahúsið á staðnum að mati Páls Einarssonar, prófessors í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands.

Bergur Elías Ágústsson, bæjarstjóri í Norðurþingi, segir fréttirnar af hættu á stórum jarðskjálfta nálægt Húsavík og iðnaðarsvæðinu á Bakka ekki ný tíðindi. „Þetta hafa menn verið meðvitaðir um alllengi," sagði Bergur Elías í viðtali við fréttastofu Bylgjunnar í gær.

Þá bætti hann við að varðandi iðnaðarsvæðið á Bakka hefðu farið fram ítarlegar rannsóknir og því hefðu þessar upplýsingar engin áhrif á iðnaðaruppbyggingu. Um hættuna af stórum jarðskjálfta sagði Bergur að þetta væri nokkuð sem fólk byggi við og taka yrði því sem að höndum bæri þegar, og ef, að því kæmi. svavar@frettabladid.is

Þverbrotabelti á Norðurlandi



Tveir kílómetrar í iðnaðarsvæði á Bakka

Iðnaðarsvæðið á Bakka og Heilbrigðisstofnun Þingeyinga á Húsavík eru hvort um sig í 2-2,5 kílómetra fjarlægð frá misgenginu.

Páll Einarsson, jarðeðlisfræðingur við Háskóla Íslands, telur stuttar vegalengdir ástæðu til endurmats á starfseminni á viðkomandi stöðum. Þannig kæmi hættumat inn í það hvernig menn höguðu ákvörðunum í mannvirkjamálum til framtíðar.

Hraði snjallsíma kannaður:

Samsung hraðari en Iphone 5

FJARSKIPTI iPhone 5 er hægasti snjallsíminn á markaðnum samkvæmt neytendakönnun bresku neytendasamtakanna Which? Síminn hafnaði í sjöunda sæti af sjö mögulegum í könnun sem gerð var á vinsælustu snjallsímunum í Bretlandi.

Mælt var hversu fljótir símarnir voru að taka myndir, spila leiki og vinna úr ýmsum snjallsímaforritum. Samsung Galaxy S4 mældist hraðasti snjallsíminn á markaðnum í dag. Hann mældist nánast tvisvar sinnum hraðari en iPhone 5. -þþó

Áætlun kínversks fjárfestis:

Skurður í gegnum Níkaragva

NÍKARAGVA, AP Forsvarsmaður HKND, kínverska fyrirtækisins að baki fyrirhuguðum skipaskurði í gegnum Níkaragúa, segir að honum sé full alvara með því að grafa skurðinn, sem settur er til höfuðs Panamaskurðinum. Í viðtali í gær hafnaði Wang Jing orðrómi um að kínversk stjórnvöld stæðu á bak við áformin.

Hann hefur fengið samþykki frá stjórnvöldum í Níkaragva og segist vonast til þess að skurðurinn, sem verður 286 kílómetra langur, verði tekinn í notkun ekki síðar en árið 2020. - þj

jonogoskar.is | Sími 5524910 | Laugavegi 61 | Kringlan | Smáralind

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



VÍÐA VÆTUSAMT Veðurkortin eru ekki sérlega sumarleg fyrir næstu daga, hvasst á landinu í dag og mikil rigning. Á morgun verður víða væta og fremur stíf suðvestanátt. Hitinn verður víðast á bilinu 8-15 stig.



Á morgun
8-15 m/s V-til, annars hægari.



Föstudagur
Víða 8-15 m/s.

Alicante	25°	Billund	19°	Gautaborg	18°	London	21°	Orlando	30°	San Francisco	21°
Basel	19°	Frankfurt	19°	Kaupmannahöfn	18°	Mallorca	25°	Ósló	15°	Stokkhólmur	22°
Berlín	16°	Friedrichshafen	18°	Las Palmas	26°	New York	30°	París	21°		

Elísabet Margeirsdóttir
veðurfréttamaður

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

www.plusferdir.is

Einstakt tækifæri!

Ótrúlegt verð!

SJÓÐHEITUR SÓLARsprettur í sólarhring!

Tilboð á valdar brottfarir í sumar!

Vertu í viðbragðsstöðu því sólarsprettur Plúsferða **hefst í dag kl. 12:00!** Misstu ekki af þessu einstaka tækifæri því þú hefur aðeins 24 klst til að bóka sólarlandaferðina þína á einstöku verði!

TENERIFE

Morgunmatur

Los Alisios ★★★
FRÁ: **79.900 kr.***
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð frá 95.800 kr á mann m.v. 2 fullorðna í bókun.
Brottför: 3. júlí - 7 nætur.

Santa Maria ★★★
FRÁ: **84.600 kr.***
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi og morgunmat. Verð frá 98.175 kr á mann m.v. 2 fullorðna í bókun.
Brottför: 3. júlí - 7 nætur.

ALMERÍA

Allt innifalið!

Arena Center ★★★★
FRÁ: **79.900 kr.***
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi
Verð frá 101.800 kr á mann m.v. 2 fullorðna í bókun.
Brottför: 2. júlí - 7 nætur.

Hotel Protur ★★★★★
FRÁ: **122.950 kr.***
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn herbergi með morgun-, hádegis- og kvöldmat, snarl milli mála og drykkjum. Verð frá 146.600 kr á mann m.v. 2 fullorðna í bókun.
Brottför: 16. júlí - 7 nætur.

plús FERÐIR
www.plusferdir.is

Sjá einnig önnur frábær verðdæmi á plusferdir.is!

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

PLÚSFERÐIR - Sími 535 2100 - info@plusferdir.is

* Innifalið: Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn.
Verð miðast við að bókað sé á netinu. Birt með fyrirvara um prentvillur.

VEISTU SVARIÐ?

1. Hver er forstöðumaður Rannís?
2. Hversu margir sirkushópar frá Evrópu koma á sirkushátíðina sem haldin verður í Vatnsmýrinni í byrjun júlí?
3. Hvaða íslenska kona er forsprakki hljómsveitarinnar Anna and the Bells?

SVÖR
1. Hallgrímur Jónasson **2.** Sextán
3. Anna Claessen

Breska veðurstofan segir hreinna loft síðustu áratugina fjölga fárviðrum á Atlantshafi:

Mengun frá iðnaði dró úr tíðni fárviðra

BRETLAND Loftmengun frá iðnaði megnið af tuttugustu öldinni hafði að öllum líkindum þau hliðaráhrif að fárviðrum á Atlantshafinu fækkaði. Þegar aðgerðir gegn iðnaðarmengun tóku að skila árangri á síðustu áratugum aldarinnar virðist þetta hafa snúist við, fárviðrum tók að fjölga á ný.

Þetta er niðurstaða rannsóknar á vegum bresku veðurstofunnar, sem birt hefur verið í tímaritinu Nature Geoscience.

Vísindamennirnir segja að svifagnir frá iðnaðarútblæstri hafi þau áhrif að skýin verði bjartari, með þeim afleiðingum að meira af sólarljósinu endurkastist frá þeim. Áhrifin af þessu á hitastig sjávar dragi úr líkunum á því að fárviðri myndist.

Í tímaritinu taka vísindamennirnir fram að mikil óvissa ríki þó enn um samspil þessa þáttar við aðra þætti loftslagsbreytinga, svo sem útblástur gróðurhúsalofttegunda, rykmengun og ösku frá eldfjöllum.

- gb

EYÐILEGGING AF VÖLDUM FELLIBYLS Hreina loftið er ekki ekki aðeins gott fyrir mannfólkið, heldur skapar einnig betri aðstæður fyrir fárviðri. NORDICPHOTOS/AFP

Hermann Gunnarsson:

Jarðsunginn á föstudag

FÓLK Útför Hermanns Gunnarssonar verður gerð frá Hallgrímskirkju á föstudaginn næstkomandi klukkan 15.

HERMANN GUNNARSSON

Sjónvarpað verður frá athöfninni í Valsheimilinu að Hlíðarenda og verður erfidrykkjan einnig haldin þar. Þetta kemur fram í tilkynningu frá fjölskyldu Hemma Gunn. Þar segir að ferlið við að koma kistu hans til Íslands frá Taílandi hafi verið nokkuð langt, meðal annars hafi það flækt málið að flugfélagið sem tryggingafélag Hermanns hafi skipt við hafi verið hætt að fljúga á milli Bangkok og Evrópu.

Ráðherra um nýjan LSH:

Ekki meira fé í nýjan spítala

ALÞINGI Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra segir að ekki verði sett meira fé í framkvæmdir vegna nýs Landspítala á þessu ári.

Guðbjartur Hannesson, fyrrverandi velferðarráðherra, fór fram á að sérstök umræða færi fram á Alþingi í gær um nýjan Landspítala. Þar sagði Kristján að styrkja þyrfti heilbrigðiskerfið áður en að farið yrði að hugsa um frekari framkvæmdir.

Guðbjartur sagði hins vegar að brýn þörf væri fyrir hina nýju byggingu og minnti á að forsenda fyrir framkvæmdunum hefði verið sú að óháð úttekt yrði gerð á fullyrðingum um að flutningur Landspítalans á einn stað myndi skila 2,6 milljarða króna hagræðingu á ári.

- sv

HÁSKÓLI ÍSLANDS Ísland er eina ríki OECD sem ver hlutfallslega meiri fjármunum til grunnskóla en til háskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Háskólar fá minna fé en grunnskólar

Ísland er eina ríki OECD sem ver hlutfallslega meiri fjármunum til grunnskóla en háskóla. Þá útskrifast Íslendingar elstir allra OECD-þjóða úr háskóla og næstelstir úr menntaskóla. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri skýrslu OECD.

MENNTAMÁL Íslenskir nemendur útskrifast seinna úr bæði framhaldsskóla og háskóla en gengur og gerist meðal OECD-ríkjanna. Þá hafa Íslendingar þá sérstöðu að grunnskólar hér á landi verja meiri fjármunum á nemanda en háskólar.

Menntamál í ríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) eru til umfjöllunar í nýrri skýrslu stofnunarinnar sem nefnist Education at a Glance. Skýrslan kom út í gær og er þar að finna ítarlegan samanburð á fyrirkomulagi menntamála í ríkjum OECD.

Leiðir skýrslan í ljós að Ísland sker sig úr á nokkra mælikvarða meðal OECD-ríkjanna. Vekur til að mynda athygli að meðalaldur útskrifaðra nemenda úr grunnnámi á háskólastigi er hvergi hærri en á Íslandi. Hér á landi er meðalaldurinn 30,7 ár en meðaltalið í ríkjum OECD er 26,6 ár. Yngsti fimmtungur útskrifaðra hér á landi er þeir sem eru 24 ára og yngri en sá elsti er þeir sem eru 37 ára og eldri.

Íslenskir menntaskólanemendur útskrifast einnig seint, en þar slá Portúgalar einir þjóða Íslendingum við. Íslendingar útskrifast að meðaltali ríflega tveimur árum seinna en íbúar OECD, eða 20,8 ára, á meðan sama tala er 18,7 ár í OECD að meðaltali.

Sé litið til verknáms á framhaldsskólastigi útskrifast fjórar þjóðir seinna en Íslendingar, sem útskrifast að meðaltali 26,4 ára. Í OECD er meðaltalið 22,2 ár.

Í skýrslunni kemur einnig fram að Íslendingar verja hlutfallslega miklum fjármunum til menntastofnana, eða 7,8% af landsframleiðslu. Einungis Danir verja hlutfallslega meiru til menntastofnana, eða 8%, á meðan meðaltalið í OECD er 6,26%.

Þá vekur athygli í skýrslunni að Íslendingar eru eina ríki OECD þar sem menntastofnanir verja meiri fjármunum á nemenda á grunnskólastigi en á háskólastigi. Að meðaltali verja íslenskir grunnskólar 8,6% meiri fjármunum á nemanda en háskólar, en í OECD verja háskólar 69,7% meira á nemanda en grunnskólar að meðaltali.

magnusl@frettabladid.is

Bankahrunið beit á menntakerfið

Í skýrslu OECD er fjallað um áhrif alþjóðlegu fjármálakreppunnar á framlög ríkja til menntamála. Kemur þar í ljós að opinberar fjárveitingar til menntastofnana lækkuðu á Íslandi á árunum 2008 til 2010 meira en í nokkru öðru landi OECD. Raunar lækkuðu fjárveitingar til menntastofnana í einungis sex löndum á þessu tímabili og mest á Íslandi, um 12,33%. Leiða má að því líkur að gengisfall krónunnar á árunum 2008 til 2010 hafi þó mikið að segja, enda eiga þessir reikningar sér stað í Bandaríkjadölum. Þá lækkuðu fjárveitingar til menntastofnana sem hlutfall af landsframleiðslu í einungis fimm löndum á þessu tímabili, þar á meðal á Íslandi, þar sem þær lækkuðu um ríflega 2%.

Sjeik Tamim bin Hamad al-Thani hefur tekið við sem emír í Katar:

Valdaafsal en litlar breytingar

KATAR, AP Emírinn í Katar afsalaði sér formlega völdum til sonar síns, hins 33ja ára gamla Sjeik Tamim bin Hamad al-Thani, í gær. Talið er að emírinn fyrrverandi, sem er 61 árs, sé við slæma heilsu og það útskýri þessa ákvörðun, án þess að nokkuð hafi verið gefið út opinberlega. Hann komst sjálfur til valda árið 1995 eftir að hann velti föður sínum úr sessi og hefur stýrt landinu á tímum mikils uppgangs.

Þessi skipti eru þó í góðri sátt, enda stóðu þeir feðgar hlið við hlið eftir afsalið. Er auk þess talið að fráfarandi emír muni hafa mikið um stjórn landsins að segja bak við tjöldin.

Katar er smáríki í raun en hefur reynt að gera sig gildandi á heimssviðinu síðustu ár í krafti gríðarlegra olíuauðæfa.

Meðal annars tók Katar þátt í málamiðlunum í Súdan á sínum tíma og hefur talað fyrir áframhaldi á friðarviðræðum í Palestínu.

Katar hefur aukinheldur stutt við bakið á uppreisnaröflum í Líbíu og Sýrlandi auk þess sem ríkið styður Bræðralag múslíma í Egyptalandi og mun halda HM í knattspyrnu árið 2022.

- þj

FAÐIRINN OG ARFTAKINN Hamad bin Khalifa al-Thani, emír í Katar, afsalaði sér völdum í gær til sonar síns Tamim bin Hamad al-Thani. Ekki er þó útlit fyrir mikla stefnubreytingu á komandi árum. NORDICPHOTOS/AFP

HÖFUM OPNAÐ STÓRVERSLUN MEÐ ÚTIVISTARFÖT Í FÁKAFEN 9

VERIÐ VELKOMIN!

ICEWEAR VERSLANIR

Þingholtsstræti 2-4 - 101 Reykjavík » Fákafen 9 - 108 Reykjavík » Austurvegi 21 - 870 Vík » www.icewear.is

ALASKALÚPÍNA Fimm til fimmtán tonn af þurrefni geta myndast á hektara af sinu í gömlum lúpínubreiðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Margfalt magn þurrefnis:

Mikil eldhætta af alaskalúpínu

NÁTTÚRA Mikil eldhætta getur skapast í og við lúpínubreiður. Á haustin fellur til mikil sina í breiðunum sem rotnar hægt og safnast fyrir. Þetta kemur fram í bæklingi sem Náttúrufræðistofnun og Landgræðsla ríkisins gáfu út nýverið og fjallar um alaskalúpínu og skógarkerfil.

Lúpínu hefur víða verið dreift í kringum þéttbýlisstaði, á skógræktar- og landgræðslusvæðum og í sumarbústaðalöndum og sýna mælingar að um fimm til fimmtán tonn af þurrefni geta verið á hektara af sinu í gömlum breiðum. Er það margfalt það magn sem að jafnaði er í graslendi. Akureyri vikublað greindi frá. - sv

Áhrif bruna frá því í fyrra:

Engin veiðileyfi í Laugardal

VEIÐI Sölu veiðileyfa hefur verið hætt í vötnunum tveimur í Laugardal í Ísafjarðardjúpi, Efstadalsvatni og Laugabólsvatni, en ágæt silungsveiði hefur verið í vötnunum undanfarin ár.

Ástæða þess að engin veiðileyfi verða seld í þessum vötnum er sú að bruni varð í fyrrasumar í Hrossatanga í Laugardal. Þar brunnu tæplega fimmtán hektarar af landi eftir að sígarettu hafði verið hent á jörðina, þar sem mikið var af þurru hrísi og lyngi. Þannig er landið ennþá viðkvæmt þar sem bruninn varð og mikil umferð um svæðið því ekki æskileg. - ósk

HAFNARFJÖRÐUR

Lúðvík leiðir hafnarstjórn

Samfylkingin í Hafnarfirði hefur skipt út fulltrúum sínum í hafnarstjórn og er Lúðvík Geirsson, fyrrverandi bæjarstjóri og alþingismaður, nú orðinn formaður hafnarstjórnarinnar.

Stofnanir bjartsýnar á að milljónastyrkir skili sér

Matís og Veðurstofan eiga von á hundraða milljóna fjárveitingu frá ESB í formi IPA-styrkja. Báðar stofnanir eru bjartsýnar á að verkefnin fari í gegn hjá ráðuneytinu. Ekki liggur fyrir hvenær ráðuneytið gefur grænt ljós.

UTANRÍKISMÁL Matís á von á 1,5 milljóna evra styrk frá Evrópusambandinu (ESB) í formi IPA-styrkja vegna þriggja verkefna sem stofnunin sótti um á síðasta ári. Verkefnin sem samþykkt voru hlutu fimm hundruð þúsund evrur hvert, sem samsvarar rúmlega 80 milljónum íslenskra króna á verkefni, eða rúmum 240 milljónum alls. Fjármagnið hefur þó ekki skilað sér til stofnunarinnar.

Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís, segist bjartsýnn á að styrkirnir komi í gegn og ber engan kvíðboga þó að úthlutunin frestist eitthvað.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að vegna hlés á aðildarviðræðum íslenskra stjórnvalda við ESB væru þessir styrkir, og mun fleiri, í frosti þar sem utanríkisráðuneytið væri nú að fara yfir hvaða verkefni væru beintengd viðræðunum og hver ekki. Þau verkefni sem eru það ekki munu að öllum líkindum fá fjármagnið.

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra sagði í samtali við Fréttablaðið að ekki lægi ljóst fyrir hvenær ráðuneytið lyki þessari greiningu. Framkvæmdastjóri Rannís hefði búist við því að styrkirnir væru búnir að skila sér.

„Þessi verkefni tengjast ekkert umsóknarferlinu sem slíku heldur hafa þau sterka tengingu við byggðaþróun með því að auka verðmæti á mismunandi stöðum, nýta auðlindir og byggja upp hæfni hjá mannauði," segir Sveinn. „Ég hafði ekkert endilega gert ráð fyrir því að fjármagnið skilaði sér fyrr en í haust. En auðvitað þætti mér afar óheppilegt, í ljósi markmiða okkar og uppbyggingar í matvælaiðnaði almennt, ef verkefnin yrðu ekki framkvæmd."

Þá var samþykkt í fyrra að veita Matís 1,9 milljónir evra, eða rúmar 300 milljónir íslenskra króna, til að framfylgja reglugerðum um matvælaöryggi sem hafa verið innleiddar í gegnum EES. Sveinn segir það verkefni komið af stað en fjármagnið fari einungis í tækjakaup á rannsóknatækjum og samstarf við þýska stofnun um matvælaöryggi, BfR. Því hafi aldrei verið gert ráð fyrir því fjármagni hingað til lands með beinum hætti.

sunna@frettabladid.is

En auðvitað þætti mér afar óheppilegt, í ljósi markmiða okkar og uppbyggingu í matvælaiðnaði almennt, ef verkefnin yrðu ekki framkvæmd

Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís

Þörungaræktun, uppsjávarfiskur og vistvæn nýsköpun

Verkefnin sem Matís fékk styrki fyrir frá ESB eru:

1. Uppbygging þörungagarða á Reykjanesi og Suðurlandi
2. Vöruþróun með uppsjávarfisk á Austfjörðum
3. Vistvæn nýsköpun á Vesturlandi og Vestfjörðum

ESB hefur úthlutað 500.000 evrum á hvort verkefni um sig.

ÞÖRUNGAR TIL MARGRA HLUTA NYTSAMLEGIR Eitt af verkefnum Matís snýr að því að skapa verðmæta ferla í kringum þörunga á Reykjanesi og Suðurlandi, meðal annars með því að vinna innihaldsefni í matvæli og Omega-3.

Veðurstofunni ekki verið sagt að halda sig til hlés

FLÓÐ Í MARKARFLJÓTI Veðurstofan á von á 275 milljónum króna til að innleiða lög um stjórn vatnamála og gera á hæðalíkan af völdum flóðasvæðum.

Veðurstofa Íslands fékk samþykktan 1,7 milljóna evra IPA-styrk, sem samsvarar 275 milljónum króna, í apríl í fyrra vegna verkefnis sem er nú þegar farið af stað. Verkefnið er fjórþætt og snýr að innleiðingu á lögum um stjórn vatnamála sem samþykkt voru á Alþingi árið 2011.

Ingvar Kristinsson, þróunarstjóri hjá Veðurstofunni, hefur ekki miklar áhyggjur af því að styrkurinn skili sér ekki.

„Miðað við þær yfirlýsingar sem utanríkisráðuneytið hefur gefið er ég bjartsýnn," segir hann. „Það er ekkert enn komið af peningum, en stóran hluta sjáum við ekki neitt þar sem hann fer beint í útboð á vegum ESB og er algjörlega á vegum þess."

Ingvar segir það rangt mat að fjármagnið sé í frosti hjá ESB. „Það er enginn búinn að segja okkur að halda okkur til hlés, það er bara frekar tímaskortur hjá sambandinu sem veldur því að þetta hefur ekki komist lengra," segir hann.

www.volkswagen.is

CAR OF THE YEAR 2013

WORLD CAR AWARDS 2013
WORLD CAR DESIGN OF THE YEAR

Evrópu- og heimsmeistari

Volkswagen Golf var kosinn bíll ársins í Evrópu 2013 á bílasýningunni í Genf og 66 bílablaðamenn hvaðanæva að útnefndu hann bíl ársins í heiminum á bílasýningunni í New York.

Nýr Golf kostar frá
3.390.000 kr.
Golf Trendline, 1.4 TSI, beinskiptur, 122 hestöfl.

Das Auto.

Komdu og reynsluaktu bíl ársins

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

1600 SNÚNINGA
6 KG
A+++ EINKUNN

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
109.900
SPARAÐU 30.000

AEG

L-60660FL Þvottavél
Nýjasta gerðin frá AEG Neue Kollektion með OptiSense þvottatækni og A++ orkunýtni
- **1600 sn.** hraðþvottavél með stillanlegum vinduhraða og A einkunn
- Sérstök blettameðhöndlun
- **Hraðval** 30-55% tímasparnaður
- **Fjöldi sérkerfa** m.a. sparnaðarkerfi, gallabuxnakerfi, 20 mín. kerfi og ullar- og handþv.kerfi
- Aqua control vatnslekavörn
- Ofnæmisskolun
- A++/A/A einkunn fyrir orkunýtni, þvottahæfni og þeytivindu
- Fullt verð kr. **139.900**

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
109.900
SPARAÐU 35.000

AEG

T-71270AC Barkalaus þurrkari
Barkalaus þéttiþurrkari með ProTex Plus tromlu sem verndar fatnaðinn og lágmarkar slit
- Fullkominn **rakaskynjari** - engin hætta á ofþurrkun
- **XL 7 kíló** ProTex tromla
- **Sérstök hljóðeinangrun**
- **16 mismunandi þurrkkerfi** þ.á.m. fyrir ull, sængur og íþróttafatnað
- Stór upplýsingaskjár með LED
- **Orkuflokkur B** = sparneytinn
- Hljóðmerki þegar þurrki lýkur
- Fullt verð kr. 144.900

XL 7 KG
BARKALAUS
RAKASKYNJARI

AAA EINKUNN
XXL 8 KG
KOLALAUS MÓTOR
GUFUKERFI
PROTEX TROMLA
HLJÓÐLÁT

AEG

L-87480FL Þvottavél
Afburða góð vél, hlaðin nýrri tækni og óviðjafnanlegum þægindum.
- **Kolalaus** hágæðamótor sem endist lengur, vinnur betur og er hljóðlátari.
- **ProtexPlus tromla** sem lágmarkar slit og verndar viðkvæman fatnað.
- **Gufukerfi** - Allt að 80% minni krumpur og friskar upp þvottinn.
- **Innbyggð tromlulýsing.**
- A+++ orkunýtni, A þvottagæði og A toppeinkunn fyrir vinduhraða
- **Hljóðeinangruð** aðeins 49 dB(A)
- Hraðval og tímaaðlögun.
- Fullt verð kr. **189.900.**

KYNNINGARVERÐ KR.
149.900
SPARAÐU 40.000

1200 SNÚNINGA
6 KG
AAB EINKUNN

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
69.900
SPARAÐU 15.000

ZANUSSI

Zanussi er dótturmerki Electrolux

ZWG-6120 Þvottavél
Frábær heimilisvél frá Zanussi á ótrúlega hagstæðu verði.
- **1200 snúninga** stillanl. vinduhraði
- **14 þvottakerfi** þ.á.m. **30 mínútna hraðkerfi**, ullarkerfi og handþvottur.
- 3/6/9 klst **framstillt ræsing.**
- Tekur allt að **6 kíló** af taui.
- **XXL stór hurð**
- Fullt verð kr. **84.900**

Electrolux

EN-3441AOW/AOX Kæli- og frystiskápur
Glæsilegur og vel búinn skápur í alla staði með **sjálfvirkri afhrímingu** í kæli- og frysti.
- **100% afhriming í frysti**. Sparar orku og fyrirhöfn og maturinn geymist betur án frostskemmda.
- **TwinTech tækni** - meiri loftgæði við kælingu.
- **FreshZone** 2-3°C skúffa fyrir kjöt, fisk, álegg.
- Flöskurekki, glerhillur og LED lýsing.
- HxBxD: 185 x 59,5 x 63 cm.
- Fullt verð kr. **159.900 / 169.900.**

144 CM HÁR

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
64.900
SPARAÐU 10.000

185 CM HÁR
FRESH-ZONE
LED LÝSING
NO FROST

HVÍTT
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
119.900
SPARAÐU 40.000

STÁL
OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
129.900
SPARAÐU 40.000

exquisit

GS-175A Frystiskápur
Flottur 175 lítra frystiskápur með 5 skúffum.
- HxBxD: 144 x 55 x 58 cm.
- Fullt verð kr. **74.900.**

TOPP MERKJAVARA Á BOTNVERÐI

VERÐVAKT RAFHA

ÖLL SM ÁTÆKI FRÁ
Electrolux
20% AFSLÁTTUR

Gildir ekki um ryksugur.

Electrolux

EC-3132AEW Frystikista
Ótrúlega **sparneytin** frystikista sem nær aldrei þarf að affrysta!
- **299 lítra rúmmál**
- Orkuflokkur **A++ = 40% minni orkunotkun** en staðall A segir til um
- LowFrost - 80% minni hrímmyndun sem **sparar 4 af 5** affrystingum
- EasyLid **léttopnun**
- Læsing + ljós
- **3 stórar körfur**
- Aðvörunarkerfi
- Hraðfrysting
- Breidd 133 cm

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
99.900
VERÐVAKT RAFHA

XXL 300 LÍTRAR
A++ ORKA
LowFrost 80% MINNA HRÍM
ALARM

SIEMENS

HB23GB540S ofn
Siemens stendur alltaf fyrir sínu.
- EcoClean **létthreinsikerfi** - brennir upp agnir og óhreinindi á bakhlið.
- Titanium glansgerjungur.
- LED tölvuklukka.
- 7 eldunarkerfi þ.á.m. **pizzakerfi.**
- Innfellanlegir stjórnrofar.
- SoftClosing **hæglokun** á hurð.
- **XL 62 lítra** ofn í A orkuflokki.
- Fullt verð kr **119.900**

BLÁSTUR
LÉTT ÞRIF
XL 62 L

EcoClean

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
99.900
SPARAÐU 20.000

AEG

AEO-5410 Ryksuga
Öflug **1800W ryksuga** með stillanlegu skafti og hraðastýringu.
- Air Clean **öragnasía**.
- **Hægræsing** - sprengir ekki öryggið.
- 8 metra vinnuradíus.
- Fylgihlutageymsla.
- Parkethaus fylgir.
- Lóðrétt & lárétt geymslustaða.
- Fullt verð **19.990.**

1800W MÓTOR
8M VINNURADÍUS

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
12.990
35% AFSLÁTTUR

45 EÐA 60 CM

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
84.900
SPARAÐU 35.000

3xA EINKUNN
49 DESIBIL
HRAÐVAL
AQUA STOP

exquisit

GSP-9253/9254 Uppþvottavél
Glæsileg og mjög vel búin og hljóðlát vél frá Exquisit með vandaðri innréttingu. Fæst bæði 45 cm eða 60 cm breið.
- **7 þvottakerfi** þ.á.m. pottakerfi og sparnaðarkerfi.
- AquaStop vatnslekavörn.
- Framhlið úr fingrafarafríu stáli.
- HxBxD: 85 x 59,5 eða 45 x 58 cm.
- Fullt verð **119.900.**

Rafha ehf

Opið
virka daga 9-18
laugardaga 11-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

Ágóði brjóstabollunnar afhentur styrktarfélaginu Göngum saman:

Jói Fel afhenti 1,7 milljónir í gær

SAMFÉLAGSMÁL Alls söfnuðust 1,7 milljónir króna í brjóstabolluátaki bakarameistara sem unnið var í samvinnu við Göngum saman.

Jóhannes Felixson, formaður Landssambands bakara, afhenti styrktarfélaginu afrakstur sölunnar í gær.

Allt fé sem Göngum saman safnar fer í styrktarsjóð, en félagið veitir árlega styrki til grunnrannsókna á brjóstakrabbameini.

Göngum saman hefur undanfarin þrjú ár átt í gjöfulu samstarfi við bakarameistara sem hafa selt brjóstabollurnar í tengslum við mæðradagsgöngu félagsins.

Með þessu framtaki hafa bakarameistararnir styrkt Göngum saman um hátt í fimm milljónir á síðustu þremur árum.

- mlþ

Eiríkur Sigurðsson í Víði og endurskoðandi hans á átján mánaða skilorð:

Sviku 80 milljónir undan skatti

DÓMSMÁL Eiríkur Sigurðsson, eigandi verslunarinnar Víðis, og Hjalti Magnússon endurskoðandi voru í gær dæmdir í átján mánaða skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir að svíkja 80 milljónir undan skatti árið 2008.

Eiríkur stundaði hlutabréfaviðskipti með svonefndum framvirkum samningum við Landsbankann.

Tekjur Eiríks af samningunum námu rúmlega milljarði árið 2007 og eru Eiríkur og Hjalti dæmdir fyrir að vantelja um 800 milljónir af milljarðinum, sem áttu að bera tíu prósenta fjármagnstekjuskatt.

Eiríki var gert að greiða skattinn og annað eins í sekt, samtals rúmlega 160 milljónir.

Báðir dómarnir eru skilorðsbundnir til tveggja ára en lögmaður Eiríks sagði við fréttastofu í gær að ekki lægi fyrir hvort dómnum yrði áfrýjað.

Saksóknari fór fram á að Hjalti, sem hefur starfað sem löggiltur endurskoðandi, yrði sviptur réttindum sínum, en á það féllst dómari ekki. -sh

Á SKILORÐI Eiríkur Sigurðsson, sem stofnaði verslanakeðjuna 10-11, græddi 800 milljónir en borgaði engan skatt af þeim.

BARACK OBAMA Hyggst takmarka losun gróðurhúsalofttegunda frá orkuverum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandaríkjaforseti stendur við loforð í umhverfismálum:

Obama boðar loftslagsaðgerðir

BANDARÍKIN, AP Barack Obama Bandaríkjaforseti boðaði í gær víðtækar aðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Sett verða takmörk á losun gróðurhúsalofttegunda frá orkuverum, þrátt fyrir harða andstöðu repúblikana og talsmanna orkuiðnaðarins í Bandaríkjunum.

Með þessu hyggst hann hrinda í framkvæmd einu af stóru málunum sem hann lagði hvað mesta áherslu á í kosningaslagnum, bæði þegar hann var fyrst kosinn í embætti og þegar hann var endurkjörinn til seinna kjörtímabils síns.

Fjórutíu prósent af útblæstri koldíoxíðs og nærri þriðjungur af útblæstri gróðurhúsalofttegunda í Bandaríkjunum kemur frá raforkuverum. - gb



Meðalverð á matarkörfunni á Íslandi er um fimmtungi yfir meðaltali ESB. Langdýrast er að versla í matinn í Noregi, en ódýrast í Póllandi.

Matarkarfan fimmtungi dýrari en í ESB

Samkvæmt úttekt Eurostat er matarkarfan tæpum fimmtungi dýrari hér á landi en sem nemur meðaltali í ESB-ríkjunum. Einnig er áfengi meira en tvöfalt dýrara hér á landi. Þessar tölur taka þó ekki mismunandi kaupmátt með í reikninginn.

NEYTENDUR Matur og drykkur er um fimmtungi dýrari hérlendis en sem nemur meðaltali í ríkjum ESB. Þetta kemur fram í nýrri úttekt Eurostat.

Verð matarkörfunnar hér á landi er átján prósentum hærra en meðalverð í ESB, en munurinn er enn meiri í nokkrum einstökum vöruflokkum.

Brauð og kornmeti og tóbak er þannig 30 prósentum dýrara hér á landi og áfengi er 112 prósentum dýrara. Áfengi er ekki talið með í matarkörfunni.

Innan ESB er verðlag áberandi hæst í Svíþjóð, Austurríki og Danmörku, en í því síðastnefnda er verð á mat og drykk 43 prósentum hærra en meðaltalið, og brauð og kornmeti er tæpum 60 prósentum dýrara.

Áfengi er dýrast í Finnlandi af öllum ESB-löndunum, 75 prósentum yfir meðalverði.

Verð er lægst í Póllandi, þar sem það er næstum 40 prósentum lægra, en næst koma Búlgaría og Rúmenía, þar sem matarkarfan er um þriðjungi ódýrari en að meðaltali í öllum ESB-ríkjunum.

Hæsta verðlagningin af þeim löndum sem til eru tekin er þó í Sviss og Noregi. Matvælaverð í Sviss er þannig 55 prósentum yfir ESB-meðaltali og í Noregi er það 86 prósentum yfir. Í Noregi er síðan langsamlega hæst verð á tóbaki, sem er 170 prósentum yfir meðallagi, og áfengi, sem er næstum

30% dýrara er að kaupa brauð, kornmeti og tóbak hér á landi en að meðaltali í löndum ESB.

þrefalt dýrara en að meðaltali í ESB-ríkjunum.

Rétt er að taka fram að ofangreindar tölur taka ekki mismunandi kaupmátt innan ríkja með í reikninginn, en í fyrra var verg landsframleiðsla á mann, eftir að leiðrétt hafði verið fyrir mismunandi kaupmátt, tólf prósentum hærri hér á landi miðað við meðaltal í ESB-ríkjum, og í Noregi var talan 95 prósentum hærri.

thorgils@frettabladid.is

BÍLA KAFFI

VERIÐ VELKOMIN AÐ REYNSLUAKA NÝJUM BÍL HJÁ OKKUR Í DAG

NISSAN QASHQAI DÍSIL
4.990 þús. kr.

Vinsælasti fjórhjóladrifni bíll landsins.

Eldsneytisnotkun frá **4,6 l/100 km***

DÍSIL

RENAULT MEGANE SPORT TOURER, SJÁLFSKIPTUR DÍSIL
3.890 þús. kr.

Fullvaxinn fjölskyldubíll sem fer hringinn á einum tanki.

Eldsneytisnotkun frá **3,7 l/100 km***

FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU

DÍSIL

SUBARU XV SJÁLFSKIPTUR
5.390 þús. kr.

Nýr sparneytinn Subaru með fullkomið fjórhjóladrif, bakkmyndavél og „start/stopp" búnað á vél.

Eldsneytisnotkun frá **5,5 l/100 km***

NISSAN JUKE
3.990 þús. kr.

Þessi bíll kemur á óvart – líka þegar þú prófar. Ríkulegur stalbúnaður.

Eldsneytisnotkun frá **5,2 l/100 km***

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðenda um eldsneytisnotkun í langkeyslu

ENNEMM / SÍA / NM58238

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

ÁTÖK UM HVALI Árekstur japansks hvalveiðiskips við skip ástralskra hvalverndarsinna í Suðurskautshöfum árið 2010. NORDICPHOTOS/AFP

Ástralar og Japanar í mál:

Hvalveiðideilan komin til Haag

HOLLAND, AP Alþjóðadómstóllinn í Haag tekur í dag fyrir deilu japanskra og ástralskra stjórnvalda um hvalveiðar.

Ástralska stjórnin heldur því fram að hvalveiðar Japana séu ólöglegar og brjóti í bága við alþjóðlega hvalveiðibannið frá 1986, þótt þær séu að forminu til sagðar vísindaveiðar.

Japanar segja veiðarnar sannarlega gerðar í vísindaskyni og því sé undanþáguheimild fyrir þeim í áttundu grein hvalveiðisáttmálans frá 1946.

Réttarhöldin hefjast með málflutningi Ástrala í dag. - gb

LÖGREGLA

Fjórir ölvaðir ökumenn

Þrjú hundruð tuttugu og fimm ökumenn voru stöðvaðir í miðborginni um helgina í sérstöku umferðareftirliti Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Fjórir ökumenn reyndust ölvaðir við stýrið og eiga þeir ökuleyfissviptingu yfir höfði sér.

Nágrannar vilja unglingaheimili úr einbýlishúsagötu

Nágrannar Vinakots, heimilis fyrir unglinga í vanda, í Fjóluhvammi í Hafnarfirði telja slíka starfsemi ekki leyfilega í götunni. Skipulagsfulltrúi tekur undir þetta. Aðeins einn drengur býr nú á heimilinu.

FÉLAGSMÁL „Við myndum aldrei taka inn neinn sem væri ógn við umhverfi sitt," segir Jóhanna Fleckenstein, forstöðukona í Vinakoti, um kvörtun íbúa í Fjóluhvammi í Hafnarfirði sem eru ósáttir við að í einu einbýlishúsa götunnar sé rekið heimili fyrir unglinga í vanda.

Íbúarnir segja að um sé að ræða atvinnustarfsemi sem eigi ekki heima í íbúðahverfi. Einn íbúi í götunni sem ekki vill láta nafns getið segir málið eiga sér forsögu. Í húsinu hafi um árabil verið rekin frönsk ferðaskrifstofa sem leigt hafi húsnæðið. Því hafi fylgt ónæði.

Íbúinn segir málið einfaldlega snúast um þá spurningu hvort menn geti leigt húsið sitt undir fyrirtæki í íbúðabyggð. Það hafi ekkert með leigjendurna að gera sem slíka, þeir séu ágætis fólk.

Skipulagsfulltrúi bæjarins er sammála nágrönnunum en fulltrúar í skipulagsráði telja málið ekki skýrt og frestuðu í gær afgreiðslu þess þar til álit lögmanns lægi fyrir.

Vinakot opnaði heimili fyrir drengi í Fjóluhvammi fyrir tveimur mánuðum og fyrir stúlkur annars staðar í Hafnarfirði í desember. Jóhanna forstöðukona í Fjóluhvammi undirstrikar að leyfi séu fyrir starfseminni bæði frá slökkviliði og heilbrigðisfulltrúa. Ekki sé um vistheimili að ræða heldur búsetuúrræði og því hafi engar sérstakar breytingar verið gerðar á húsnæðinu. Aðeins einn til tveir séu þar til heimilis í einu og starfsmenn oftast tveir eða þrír. Í Fjóluhvammi sé nú aðeins einn unglingspiltur.

> **Mér skilst að það sem aðallega hafi truflað nágrannana sé að lögreglan hefur verið kölluð hingað fjórum sinnum á þessum tveimur mánuðum.**
>
> *Jóhanna Fleckenstein, forstöðukona Vinakots í Fjóluhvammi*

„Mér skilst að það sem aðallega hafi truflað nágrannana sé að lögreglan hefur verið kölluð hingað fjórum sinnum á þessum tveimur mánuðum. Ég held að þau hafi aldrei orðið fyrir neinni annarri upplifun sem tengist drengnum," segir Jóhanna, sem kveður Vinakot ætla að bjóða nágrönnunum á kynningarfund.

„Þetta er bara heimili fyrir börn sem eru með flókinn vanda og eiga ekki í mörg hús að venda. Við viljum reyna að ná sátt og vinna þetta með nágrönnunum en ef það fer að halla á hag barnsins verðum við að finna aðra lausn," segir Jóhanna.

gar@frettabladid.is

FJÓLUHVAMMUR Nágrannar eru ósáttir við rekstur unglingaheimilis í einbýlishúsi sem Vinakot leigir í götunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Vinakot fyrir börn

Fyrirtækið Vinakot ehf. er úrræði ætlað börnum á aldrinum tólf til átján ára sem glíma við fjölþættan hegðunarvanda og þurfa til dæmis búsetu, meðferð, stuðning og ráðgjöf til að ná tökum á lífi sínu.
Markhópurinn er börn og ungmenni sem af ýmsum ástæðum hafa ekki náð að fóta sig þrátt fyrir ítrekuð inngrip.

Heimild: Heimasíða Vinakots

BMW X5 M SPORT

Ekki sætta þig við málamiðlanir þegar þú getur fengið það besta. BMW X5 M SPORT fæst með með misaflmiklum vélum, 8 gíra sjálfskiptingu og veglegum búnaði.
Komdu við og skoðaðu það nýjasta frá BMW.

BMW M Sport xDrive – Hlaðinn aukabúnaði Verð frá: 13.890 þús.
30d, 245 hestöfl – 7,4 l / 100 km* – 7,6 sek. í hundrað

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

ENNEMM / SÍA / NM58456

Savage® Arms

The Definition of Accuracy

NÁKVÆMNI Á BETRA VERÐI

SAVAGE 93R17BV

Hlaupvídd 17 HMR. Brúnt límtré í skefti. Þungt hlaup. „Accutrigger". Tvist = 9. Laus skotgeymir. 5 skota. 2,7 kg. Verð aðeins **74.900.** Staðgreiðsluafsláttur eða raðgreiðslur.

SAVAGE 93R17BVSS

Hlaupvídd 17 HMR. Grátt límtré í skefti. Ryðfrítt, þungt hlaup. „Accutrigger". Tvist = 9. Laus skotgeymir. 5 skota. 2,7 kg. Verð aðeins **79.900.** Staðgreiðsluafsláttur eða raðgreiðslur.

SAVAGE 93R17FV

Hlaupvídd 17 HMR. Svart plastskefti. Þungt hlaup. „Accutrigger". Tvist = 9. Laus skotgeymir. 5 skota. 2,5 kg. Verð aðeins **54.900**. Staðgreiðsluafsláttur eða raðgreiðslur.

SAVAGE 93R17FXP

Hlaupvídd 17 HMR. Svart plastskefti. Blámað hlaup. „Accutrigger". Tvist = 9. Laus skotgeymir. 5 skota. 2,7 kg. 3-9x40 sjónauki fylgir, ásettur og grófstilltur. Verð aðeins **62.900.** Staðgreiðsluafsláttur eða raðgreiðslur.

SAVAGE 93R17GV

Hlaupvídd 17 HMR. Hnotuskefti. Blámað hlaup. „Accutrigger". Tvist = 9. Laus skotgeymir. 5 skota. 2,5 kg. Verð aðeins **56.900**. Staðgreiðsluafsláttur eða raðgreiðslur.

SAVAGE 93RVSSXP

Hlaupvídd 22 Magnum. Svart plastskefti. Ryðfrítt hlaup. „Accutrigger". Tvist = 16. Laus skotgeymir. 5 skota. 2,7 kg. 4x32 sjónauki fylgir, ásettur og grófstilltur. Verð aðeins **77.900.** Staðgreiðsluafsláttur eða raðgreiðslur.

SAVAGE MARK II BV

Hlaupvídd 22 Lr. Brúnt límtré í skefti. Þungt hlaup „Accutrigger". Tvist = 16. Laus skotgeymir. 5 skota. 2,9 kg. Verð aðeins **74.900**. Staðgreiðsluafsláttur eða raðgreiðslur.

SAVAGE MARK II FV

Hlaupvídd 22 Lr. Svart plastskefti. Þungt hlaup. „Accutrigger". Tvist = 16. Laus skotgeymir. 5 skota. 2,7 kg. Verð aðeins **45.900**. Staðgreiðsluafsláttur eða raðgreiðslur.

SAVAGE MARK II FVXP

Hlaupvídd 22 Lr. Svart plastskefti. Þungt hlaup. „Accutrigger". Tvist = 16. Laus skotgeymir. 5 skota. 2,7 kg. 4x32 sjónauki fylgir, ásettur og grófstilltur. Verð aðeins **59.900**. Staðgreiðsluafsláttur eða raðgreiðslur.

SAVAGE MODEL 12 BVSS

Hlaupvídd 308 WIN. Verðlaunariffill. Einstaklega vel smíðaður riffill. Brúnt límtré. Þungt, ryðfrítt, „flútað" hlaup. „Accutrigger". Topphlaðinn fjögurra skota geymir. 4,5 kg. Verð aðeins **189.900**. Staðgreiðsluasláttur eða raðgreiðslur.

SAVAGE MARK II G

Hlaupvídd 22 Lr. Hnotuskefti. Blámað hlaup. „Accutrigger". Tvist = 16. Laus skotgeymir. 10 skota. 2,5 kg. Sigti og spor fyrir sjónaukafestingar. Verð aðeins **45.900.** Staðgreiðsluafsláttur eða raðgreiðslur.

SAVAGE 11 INTERNATIONAL TROPHY HUNTER

Fáanlegar hlaupvíddir 223 REM, 243 WIN, 270 WIN, 308 WIN. Svart plastskefti. Blámað hlaup. „Accutrigger". Losanlegur skotgeymir. 4 skota. 3,3 kg. 3-9x40 Bushnell sjónauki, áfastur og grófstilltur. Verð aðeins **119.900**. Staðgreiðsluafsláttur eða raðgreiðslur.

SAVAGE 16 INTERNATIONAL TROPHY HUNTER

Fáanlegar hlaupvíddir 223 REM, 243 WIN, 270 WIN, 308 WIN. Svart plastskefti. Ryðfrítt hlaup. „Accutrigger". Losanlegur skotgeymir. 4 skota. 3,3 kg. 3-9x40 Bushnell sjónauki, áfastur og grófstilltur. Verð aðeins **149.900**. Staðgreiðsluafsláttur eða raðgreiðslur.

SAVAGE 10 INTERNATIONAL TROPHY HUNTER

Fáanlegar hlaupvíddir 223 REM, 243 WIN, 270 WIN, 308 WIN. Hnotuskefti. Blámað hlaup. „Accutrigger". Losanlegur skotgeymir. 4 skota. 3,3 kg. 3-9x40 Bushnell sjónauki, áfastur og grófstilltur. Verð aðeins **139.900**. Staðgreiðsluafsláttur eða raðgreiðslur.

SAVAGE AXIS XP

Fáanlegar hlaupvíddir. 223, 243 WIN, 270 WIN, 308 WIN. Svart plastskefti. Svart hlaup. Losanlegur skotgeymir. 4 skota. 2,9 kg. Verð aðeins **79.900.** Staðgreiðsluafsláttur eða raðgreiðslur.

EIGUM Á LAGER AUKA MAGASÍN Í SAVAGE RIFFLA

GOTT ÚRVAL AF RIFFILSKOTUM FRÁ FEDERAL, CCI OG SELLIER & BELLOT. GÆÐI OG GOTT VERÐ

VIÐ NÝTTUM OKKUR STERKT GENGI KRÓNUNNAR Í VOR OG FESTUM SAVAGE RIFFLA Á BETRA VERÐI

Framúrskarandi fyrirtæki 2012

TRAUST FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI Í 15 ÁR

VEIÐIHORNIÐ

SÍÐUMÚLI 8 - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 568 8410

VEIDIHORNID.IS

GIKKURINN FRÁ SAVAGE EINHVER BESTI GIKKUR SEM ÞÚ FÆRÐ

ACCUTRIGGER

Gikkkurinn frá Savage hefur notið mikilla vinsælda enda feykilega skemmtilegur í notkun auk þess sem auðvelt er að stilla þyngd gikksins eftir þörfum hvers og eins.



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

GOTT VERÐ Í BÓNUS **GOTT VERÐ Í BÓNUS** GOTT VERÐ Í BÓNUS

Bónus ferskar grísa grill kótilettur

1198 KR. KG

198 KR 350gr

BÓNUS **HRÁSALAT 350gr**

Fjórir ferskir 100% ungnautahamborgarar með brauði. Tvær stærðir

4 stk. 80 gramma **798 KR**
4 stk. 120 gramma **998 KR**

2298 KR. kg

GRILL LAMBALÆRISSNEIÐAR
ÚR MIÐLÆRI

1798 KR. kg

Ali úrbeinaðar ferskar
BBQ GRILL GRÍSAKÓTILETTUR

1798 KR. kg

Ali úrbeinaðar ferskar *HUNANGS-KRYDDAÐAR GRÍSAKÓTILETTUR*

100% UNGNAUTAKJÖT

1598 KR. *10 stk*

10 x 100 gr frosnir
100% UNGNAUTA HAMBORGARAR

1598 KR. kg

KS FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM

1498 KR. kg

FROSNAR HOLLENSKAR GRÍSALUNDIR

1598 KR. kg

KJARNAFÆÐIS *GRILL LAMBASIRLOIN SNEIÐAR*

1998 KR. kg

ÍSLANDSLAMB BLANDAÐAR
GRILL LAMBALÆRISSNEIÐAR

198 KR. 1.5 ltr

AFGREIÐSLUTÍMI
MIÐVIKUDAGUR
11:00-18:30

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
MIÐVIKUDAGUR
11:00-18:30

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í

Ferskar
BÓNUS SAMLOKUR
MÁNUDAGA - MIÐVIKUDAGA
FÖSTUDAGA

198 KR. stk

298 KR. PK
PÓLSKAR PYLSUR 360 grömm

398 KR. 10 stk
BÓNUS PYLSUR 485 grömm

159 KR. 280gr
5 STK. PYLSUBRAUÐ

95 KR. 200gr
STEIKTUR LAUKUR 200gr

259 KR 770gr
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770 GR

79 KR. 33cl

298 KR STK
HEIMA EINNOTA GRILL

NÝBAKAÐ Í BÓNUS

198 KR 4 STK.
BÓNUS *NÝBAKAÐAR* LANGLOKUR 4 STK.

109 KR. 500 ml

198 KR 4 stk
HEIMA GRILL ÁLBAKKAR 4 STK.

OS SAMLOKUOSTUR
Í SNEIÐUM VERÐ ÁÐUR 1598 KR.KG

1298 KR. kg
300 KR. VERÐLÆKKUN

198 KR. 165gr
DORIRTOS SNAKK 165 GRÖMM

198 KR. PK
BÖKUNARKARTÖFLUR Í ÁLPAPPÍR u.þ.b. 700 gr

579 KR. 3 x 200gr

AÐEINS 50 KR. STYKKIÐ

1595 KR 32 stk
PRINCE POLO 32 STK. Í KASSA

AFGREIÐSLUTÍMI
MIÐVIKUDAGUR
11:00-18:30

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

AFGREIÐSLUTÍMI
MIÐVIKUDAGUR
11:00-18:30

SKOÐUN

Hörð gagnrýni á áform um skuldaniðurfellingu:

Að framleiða óvissu

Forystumenn nýrrar ríkisstjórnar hafa verið duglegir að láta hafa eftir sér að landið verði að framleiða meira til að rétta úr kútnum. Það er frábært markmið en kannski gerðu ekki allir ráð fyrir að eitt af því sem ætti að framleiða væri meiri óvissa um þróun efnahagsmála og ríkisfjármála í landinu.

Flestum finnst komið nóg af slíku. Og ríkisstjórnin hefur raunar lýst því yfir að hún hyggist „eyða þeirri pólitísku óvissu sem hefur verið of áberandi þáttur í íslensku þjóðlífi á undanförnum árum“, vinna að víðtækri sátt við aðila vinnumarkaðarins, ávinna íslenzku efnahagslífi traust á alþjóðavettvangi og tryggja ábyrga efnahagsstjórn, aga og jafnvægi í ríkisfjármálum.

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Stærsta kosningaloforð forystuflokks ríkisstjórnarinnar, að færa eigi húsnæðisskuldir niður um hundruð milljarða króna, án þess að útskýra nákvæmlega hvernig eigi að fara að því eða leggja mat á hvaða efnahagslegu áhrif það muni hafa, vinnur einmitt gegn öllum þessum markmiðum og býr til nýja óvissuþætti á færibandi.

Á sumum þeirra er tekið í umsögnum um þingsályktunartillögu stjórnarinnar um aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna. Sú harða gagnrýni sem er sett fram í umsögnum Samtaka atvinnulífsins og Seðlabankans hefur vakið einna mesta athygli. Í henni er þó í rauninni ekkert nýtt; öll þau varnaðarorð voru sett fram fyrir þingkosningar. Þau náðu hins vegar hvorki eyrum stjórnmálamanna með skuldalækkunarloforð á vörunum né kjósenda sem töldu rétt að gleypa gylliboðin hrá.

Seðlabankinn telur að almenn skuldaleiðrétting, óháð efnahagslegri stöðu og greiðslugetu skuldara, sé ómarkviss og kostnaðarsöm leið til að koma til móts við heimili í vanda. Verði á annað borð gripið til hennar þurfi að hafa í huga að svigrúm ríkissjóðs sé mjög takmarkað. Kannski skili uppgjör þrotabúa bankanna tímabundinni viðbót við tekjur ríkissjóðs en það sé þá nær að nota hana til að lækka skuldir ríkisins. Seðlabankinn bendir á þá hættu að stuðningur við skuldug heimili leiði annars vegar til þess að markmiðið um jöfnuð í ríkisfjármálum náist seinna en ella og hins vegar til þenslu, sem ali af sér verðbólgu.

SA benda á sömu áhættuþættina og segja að stórfelld niðurfærsla skulda heimila hljóti að hafa víðtæk áhrif á efnahagslífið, til að mynda „aukna einkaneyslu, aukinn innflutning og viðskiptahalla, og getur stuðlað að veikara gengi krónunnar, vaxandi verðbólgu og hærri vöxtum“. Þetta geti leitt til þess að afnám gjaldeyrishafta verði enn fjarlægara en ella. Það sé mikilvægasta hagsmunamál heimilanna að ríkissjóður verði rekinn með afgangi og minnki skuldir sínar.

Úr því sem komið er væri æskilegast að útfærslan á skuldaniðurfellingaráformum ríkisstjórnarinnar tæki sem allra skemmstan tíma þannig að óvissu væri eytt. Enn betra væri að segja einfaldlega: Við ætlum að ná niður hallanum á ríkissjóði og ef okkur áskotnast peningar í samningum um þrotabú bankanna munum við nota þá til að greiða niður skuldir ríkissjóðs, sem allir skattgreiðendur eiga í sameiningu. Það væri aðgerð sem gagnaðist öllum sem borga skatta og myndi stuðla að stöðugleika og fyrirsjáanleika í efnahagslífinu, sem er stærra hagsmunamál heimila en skuldaleiðrétting sem gagnast bara sumum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Rangt

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra kvartar sáran undan „loftárásum“ stjórnarandstöðunnar og fjölmiðla í mikilli grein í Morgunblaðinu í gær. „Það hefur verið óskrifuð regla hér og annars staðar að ný ríkisstjórn fengi sæmilegan frið í upphafi kjörtímabils til að setja sig inn í mál og innleiða svo nýja stefnu,“ skrifar forsætisráðherra. Þetta er ekki rétt hjá Sigmundi. Stjórnarandstaðan barði mikið á nýrri ríkisstjórn á vormánuðum 2009 en Sigmundur man kannski ekki eftir því, vegna þess að þá var hann ekki í stjórnarandstöðu, heldur varði minnihlutastjórnina falli. Barningurinn hélt svo áfram strax að loknum kosningum 2009 og þá tóku Sigmundur og félagar hans fullan þátt – sem eðlilegt er.

Ekkert breyst

Forsætisráðherrann furðar sig til dæmis á því að stjórnarandstaðan og aðrir láti í ljós óánægju með áform ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum – aðgerðirnar hafi jú verið boðaðar fyrir kosningar. Hann var ekki jafnhissa í maí 2009, innan við mánuði eftir kosningar, þegar fram fór þingumræða um áform þáverandi ríkisstjórnar í sjávarútvegsmálum, sem einnig höfðu verið boðuð í kosningabaráttunni. Stjórnarandstaðan, sem Sigmundur var þá hluti af, var hreint ekki sátt og hafði uppi stór orð – síst minni en þau sem við heyrum nú. Það hefur því ekkert breyst.

Sumir fjölmiðlar eru góðir

Sigmundur tekur fram að hann áfellist ekki alla fjölmiðla jafnt fyrir áróðurinn gegn ríkisstjórninni, þeir séu jafnólíkir og þeir séu margir. Hvaða fjölmiðlar ætli hugnist Sigmundi svona? Mögulega ÍNN, þar sem stjórnarþingmennirnir Elín Hirst og Karl Garðarsson halda úti þætti og saumuðu þar nýverið að stjórnarþingmanninum Brynjari Níelssyni?

stigur@frettabladid.is

HALLDÓR

Kjör lífeyrisþega leiðrétt strax

LÍFEYRISÞEGAR

Eygló Harðardóttir
félags- og húsnæðismálaráðherra

Elli- og örorkulífeyrisþegar voru meðal þeirra sem fengu hvað þyngstar byrðar á herðarnar í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Kjör þeirra versnuðu með margvíslegum skerðingum á lífeyrisréttindum almannatryggingar.

Þó að alltaf megi deila um hvað sé réttlátt við úthlutun takmarkaðra fjármuna er þó erfitt að réttlæta að aldraðir og öryrkjar axli svo miklar byrðar. Kjör fólks í landinu eru loksins á uppleið en lífeyrisþegar hafa setið eftir, sumir fastir í fátæktargildru vegna margvíslegra víxlverkana og mikilla tekjutenginga lífeyrisgreiðslna. Ég hef því lagt áherslu á að ráðast í leiðréttingar á kjörum lífeyrisþega strax á sumarþingi. Frumvarpið er tilbúið og að mínu mati á ekki að slíta þingi fyrr en málið er í höfn.

7.000 fá hærri lífeyrisgreiðslur

Kjaraskerðingarnar árið 2009 fólust meðal annars í því að tekjutengdar greiðslur skertust að fullu vegna fjármagnstekna í stað þess að skerðast um 50% áður og frítekjumark ellilífeyrisþega vegna atvinnutekna var lækkað umtalsvert. Lífeyrissjóðstekjur voru teknar inn í útreikning grunnlífeyris og gátu leitt til skerðinga á honum. Síðast en ekki síst var skerðingarhlutfall tekjutryggingar hækkað úr 38,35% í 45%.

Með frumvarpinu mínu verður byrjað að taka á skerðingunum. Þannig verður frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega hækkað úr 480.000 kr. á ári í 1.315.200 kr., eða um 274%. Þá munu lífeyrissjóðstekjur hætta að skerða grunnlífeyrinn, sem er stórt réttlætismál fyrir lífeyrisþega. Framlög ríkisins til almannatryggingar vegna þessara breytinga aukast um 1,6 milljarða á ársgrundvelli. Greiðslur hækka hjá um 7.000 lífeyrisþegum, þar af eru um 2.500 einstaklingar sem ekki hafa fengið greiðslur undanfarið vegna tekjuskerðinga en öðlast rétt til lífeyris á ný.

Þessar breytingar eru fyrsta skrefið að því marki að draga til baka skerðingar sem lífeyrisþegar sættu með lagabreytingum árið 2009. Frumvarpið er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um kjarabætur til lífeyrisþeg, sem forgangsverkefni. Að auki er hafin vinna við afnám annarra skerðinga, meðal annars með lækkun skerðingarhlutfalls tekjutryggingar úr 45% í 38,35%. Heildaráhrif af væntanlegum bótahækkunum að meðtalinni lækkun skerðingarhlutfallsins eru áætluð um 4,6 milljarðar króna.

Áformuð gildistaka breytinganna er 1. júlí og hækkanir til lífeyrisþega munu birtast í greiðslum til þeirra 1. ágúst næstkomandi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Sigríður Björg Tómasdóttir, *sigridur@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is*
MENNING: Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

Skammarverðlaun Grímunnar

MENNING

Vigdís Jakobsdóttir
leikstjóri

Að ekki skuli vera hægt að veita verðlaun fyrir barnasýningu ársins á uppskeruhátíð sviðslistafólks vegna þess að frumsýndar barnasýningar ná ekki einu sinni tilnefningafjölda er ekki bara þyngra en tárum taki, heldur til háborinnar skammar fyrir íslenskt menningarlíf.

Fyrir kaldhæðni örlaganna kemur þessi staða upp á alþjóðlegu ári barnaleikhúss og á sama ári og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna hefur loks verið festur í lög á Íslandi. Í sáttmálanum er meðal annars kveðið á um rétt hvers barns til að „taka fullan þátt í menningar- og listalífi, og fá viðeigandi og jöfn tækifæri […] til að stunda menningarlíf, listir og tómstundaiðju“.

Íslenskir foreldrar eru vissulega duglegir að fara með börnin sín í leikhús. Ætli við séum ekki duglegust í því í heimi, eins og í svo mörgu öðru. En matseðillinn er ekki fjölbreyttur.

Marengsfroða

Hérastubbur bakari kenndi bakaradrengnum fyrst að baka piparkökur árið 1962 í Þjóðleikhúsinu. Þeir félagar hafa síðan fengið nýjan búning ásamt hinum dýrunum í Hálsaskógi einu sinni á áratug að meðaltali. Og það er alltaf fullt hús, því „afi sá þetta þegar hann var lítill og pabbi þegar hann var lítill og nú er komið að þér“. Mary Poppins, sem reyndar hefur ekki ratað til Íslands sem sviðsuppfærsla fyrr, en kom fyrst út á bók árið 1934 (!) sló í gegn á stóra sviði Borgarleikhússins í vetur og félagarnir hárprúðu Karíus og Baktus eru enn á háa c-inu að heimta franskbrauð með sykri, þó að íslensk börn séu flest komin í mun harðari efni í dag.

Við vitum hver vondi gæinn er strax frá upphafi. Stelpur eru sætar og strákar eru hetjur. Allt er þægilega fyrirsjáanlegt. Engar spurningar. Bara svör. Litadýrð og taumlaus gleði. Húrra fyrir pylsugerðarmanninum!

Raunsönn mynd af heiminum ekki satt?

Ekkert er hægt að setja út á fagmennsku þess listafólks sem að þessum sýningum kemur. Hins vegar er óásættanlegt með öllu að við séum að sóa opinberu fjármagni, svo ekki sé talað um hæfileikum okkar allra besta listafólks, í framleiðslu á eintómri næringarlausri marengsfroðu frá miðri síðustu öld ofan í börnin okkar, á meðan nánast ekkert annað er í boði.

Blásum til sóknar

Ég kalla eftir leiksýningum fyrir yngri áhorfendur um stríð og frið, um umhverfið, fjölmiðla, lýðræði, ábyrgð, völd, virðingu, kynjahlutverk, kynhneigð, fjölmenningarsamfélagið, lífið, dauðann – um allt sem skiptir máli í lífinu. Hvernig stendur á því að ekkert er sýnt af nýjum erlendum verkum fyrir börn? Og hvar eru nýju íslensku barnaverkin sem ekki eru leikgerðir á metsölubókum? Í stuttu máli: Hvers vegna sitja yngri leikhúsáhorfendur ekki við sama borð og þeir sem eldri eru?

Alls engu fé er veitt sérstaklega í sviðslistir fyrir börn og ungt fólk á Íslandi og þannig er engin hvatning í kerfinu fyrir listafólk eða leikhús að sinna þessum vettvangi – nema síður sé. Samanburður við aðrar Norðurlandaþjóðir er í þessu samhengi ekkert nema niðurlægjandi.

Börnin erfa ekki landið. Þau eiga það með okkur. Á sama hátt erfa þau ekki Þjóðleikhúsið, Borgarleikhúsið, óperuna, Sinfóníuna, listasöfnin eða Hörpu. Þessar menningarstofnanir eru þeirra rétt eins og annarra þegna þessa lands og þau eiga lagalega heimtingu á að þær þjóni þeim til jafns við aðra. Börn og ungmenni eru ekki „framtíðaráhorfendur“. Þau eru áhorfendur dagsins í dag.

➜ Börn og ungmenni eru ekki „framtíðaráhorfendur“. Þau eru áhorfendur dagsins í dag.

Mér dettur ekki í hug að ætla að listafólk, leikhússtjórar, fagfélög listamanna og menningarmálayfirvöld séu sátt við stöðu mála, hvorki hvað varðar framboð sýninga eða innihald. Því hvarflar ekki að mér að úthluta skammarverðlaunum til eins ákveðins aðila, þó fyrirsögnin gefi annað til kynna. Skammarverðlaunin eru okkar allra. Botninum er náð. Nú blásum við til sóknar – fyrir börnin í landinu.

Höfundur er formaður ASSITEJ – samtaka um barna- og unglingaleikhús á Íslandi og situr auk þess í stjórn samtakanna á heimsvísu.

Nýtt samstarf á sviði lýðheilsu

HEILBRIGÐISMÁL

Geir Gunnlaugsson
landlæknir

Dagur B. Eggertsson
formaður borgarráðs

Embætti landlæknis og Reykjavíkurborg hafa tekið höndum saman um fjölþætt samstarf á sviði lýðheilsu. Verkefni sem því tengjast fara þegar af stað og í lok mánaðarins er fyrirhuguð ráðstefna þar sem einn þekktasti sérfræðingur heims um margvíslega áhrifaþætti á heilsu og vellíðan fólks er meðal fyrirlesara.

Ójöfnuður og heilsuleysi

Eitt markmiða í starfi Embætti landlæknis er að greina ójöfnuð til heilsu á Íslandi og í framhaldinu að setja fram aðgerðaáætlun, m.a. í samvinnu við sveitarfélög í landinu til að draga úr ójöfnuði til heilsu. Einn liður í þessari áætlun er samstarfssamningur við Reykjavíkurborg sem við undirrituðum þann 4. júní sl. fyrir hönd Embættis landlæknis annars vegar og Reykjavíkurborgar hins vegar. Í honum felst samkomulag um að taka upp markvisst samstarf til heilsueflingar og aukinnar lýðheilsu í Reykjavík. Samstarfið mun beinast að þremur áherslusviðum; heilsueflandi samfélagi, heilsueflandi skólum og auknum jöfnuði.

Heilsuefling í hverfum og skólum

Í samningnum er sérstaklega fjallað um heilsueflandi hverfi en Embætti landlæknis mun veita sérfræðiráðgjöf í tengslum við vinnu að hverfaskipulagi í Reykjavík sem þegar er hafin. Hverfaskipulagi er ætlað að ná heildstætt yfir alla lykilþætti sem þurfa að vera til staðar til að stuðla að góðu, sjálfbæru hverfi sem tryggir lífsgæði þeirra sem þar búa. Mun fulltrúi landlæknis taka þátt í samráði með íbúum hverfanna sem miðar að því að tryggja að hverfaskipulagið stuðli að heilsueflingu íbúanna. Einnig er fjallað um heilsueflingu í skólum og er stefnt að því að sem flestir leik- og grunnskólar, ásamt frístundaheimilum á vegum borgarinnar, taki þátt í því verkefni fyrir lok árs 2015 í samræmi

➜ Samstarfið mun beinast að þremur áherslusviðum: Heilsueflandi samfélagi, heilsueflandi skólum og auknum jöfnuði.

við metnaðarfulla stefnumörkun skóla- og frístundaráðs um heilbrigði og vellíðan í skólum borgarinnar.

Áhrif ójöfnuðar á heilsu

Í samningnum er fjallað um afleiðingar ójöfnuðar í samfélaginu á heilsufar en rannsóknir sýna að ójöfnuður er einn stærsti áhættuþátturinn varðandi sjúkdóma og vanheilsu fólks. Munu Embætti landlæknis og Reykjavíkurborg vinna sameiginlega að því að greina ójöfnuð og afleiðingar hans á heilsufar og koma með tillögur um hvernig vinna megi að jöfnum tækifærum sem leiða til betri lýðheilsu. Samstarfssamningurinn við Reykjavíkurborg er gott skref í átt að þeim markmiðum sem Embætti landlæknis hefur sett sér um öflugt lýðheilsustarf á öllum æviskeiðum um leið og það styður við starf Reykjavíkurborgar að bættri lýðheilsu í borginni.

Einn helsti sérfræðingur heims til Íslands

Alþjóðlega heilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur á síðustu árum lagt ríka áherslu á greiningu á félagslegum áhrifaþáttum heilbrigðis. Tilgangurinn er m.a. að meta hvort heilsufar sé ólíkt milli félagshópa eða með öðrum orðum að meta ójöfnuð til heilsu. Sir Michael Marmot, prófessor og yfirmaður stofnunar um heilsu jöfnuð (Institute of Health Equity) hefur leitt vinnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar á þessu sviði og er nú ráðgjafi stjórnvalda víða um heim. Marmot verður aðalfyrirlesari á ráðstefnu um áhrifaþætti á heilsu og líðan sem verður haldin þann 28. júní nk. í Háskólanum í Reykjavík og er haldin í minningu dr. Guðjóns Magnússonar prófessors. Ráðstefnan er haldin að frumkvæði Embættis landlæknis í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og velferðarráðuneytið og þar verða m.a. kynntar nýjar niðurstöður embættisins um heilsu og ójöfnuð á Íslandi. Er ástæða til að hvetja allt áhugafólk um lýðheilsu og betra samfélag til að gefa sér tíma til að sitja ráðstefnuna og taka þátt í umræðunni.

Hluthafafundur Skipta hf.

Stjórn Skipta hf. boðar til hluthafafundar félagsins þriðjudaginn 2. júlí 2013 kl. 10.00 á Hilton Reykjavík Nordica.

Dagskrá fundarins

1. Ávarp formanns stjórnar
2. Yfirlit um stöðu Skipta hf. við eigendabreytingar
3. Breytingar á samþykktum félagsins

Meginefni tillagna stjórnar Skipta hf. um breytingar á samþykktum félagsins er eftirfarandi:

i. Tillaga um að fella úr gildi heimild stjórnar til að veita áskriftarréttindi að allt að 5% hlut í félaginu

Gerð er tillaga um að ákvæði 4.6. gr. um að stjórn félagsins hafi heimild til að veita áskriftarréttindi fyrir hlutafé fyrir allt að 5% að hlutafé félagsins verði felld úr gildi.

ii. Tillaga um nýtt ákvæði um möguleika á notkun rafrænnar tækni í samskiptum við hluthafa

Lagt er til að nýtt ákvæði um heimild til notkunar rafrænnar tækni í samskiptum við hluthafa félagsins. Ákvæðið yrði í nýrri 7.5 gr. í samþykktum.

iii. Tillaga um að fella úr gildi heimild til að boða til aðalfundar með viku fyrirvara

Gerð er tillaga um að seinni málsliður 12.4 gr. um að heimilt sé að boða til aðalfundar með samþykki 90% hluthafa verði felldur úr gildi.

iv. Tillaga um nýtt ákvæði um jöfn kynjahlutföll við stjórnarkjör

Gerð er tillaga um nýtt ákvæði 19.2 gr. um jöfn kynjahlutföll við stjórnarkjör í félaginu. Tillagan tekur mið af breytingum á 63. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995, sbr. 2. gr. laga nr. 13/2010, og kveður á um að hlutfall hvors kyns í stjórn félagsins skuli aldrei vera lægra en 40%.

v. Framboð til stjórnar í félaginu og verkaskipting

Gerð er tillaga um nýja 19.3 gr. um hvernig skuli farið að við framboð til stjórnar í félaginu. Tillagan tekur mið af 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995, sbr. 1. gr. laga nr. 89/2006. Samkvæmt tillögunni skulu framboð til stjórnar liggja fyrir eigi síðar en 5 dögum fyrir hluthafafund. Frambjóðendur til stjórnar skulu m.a. veita upplýsingar um störf sín, menntun, reynslu og hagsmunatengsl. Félagsstjórn fer yfir framboðstilkynningar og skulu upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar félagsins lagðar fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

Jafnframt er gerð tillaga að 19.3 gr. sem verður 19.5 um að verkaskiptingu stjórnar verði breytt á þann veg að stjórnin velji varaformann úr sínum hópi auk formanns.

vi. Tillaga um að ákvæði 21.7 gr. verði fellt úr gildi í heild sinni

Lagt er til að ákvæði 21.7 gr. um sérstakt samþykki hluthafafundar fyrir tilteknum málefnum verði fellt úr gildi í heild sinni.

Tilvitnað ákvæði 21.7 gr. var sett inn í samþykktir félagsins 8. desember 2010. Var ástæða þess sú að þáverandi eigandi félagsins, Exista hf., síðar Klakki ehf., hafði gert nauðasamning við kröfuhafa sína þann 10. október 2010. Í nauðasamningi Exista hf. var gerð krafa um að samþykktum mikilvægra dótturfélaga Exista hf., þ.m.t. Skipta hf., yrði breytt. Var samþykktum Skipta hf. breytt því til samræmis. Nú þegar eignarhald Skipta hf. hefur breyst og Klakki ehf. á ekki lengur hlut í félaginu telur stjórn félagsins eðlilegt að fella ákvæðið úr samþykktum félagsins.

4. Kosning aðal- og varamanna í stjórn félagsins

Tilkynningum um framboð til stjórnar og varastjórnar félagsins skal skilað til skrifstofu félagsins að Ármúla 25 í Reykjavík eigi síðar en 5 dögum fyrir dagsetningu aðalfundar. Framboðstilkynningar skulu uppfylla skilyrði 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Upplýsingar um frambjóðendur verða til sýnis á skrifstofu félagsins 2 dögum fyrir hluthafafundinn auk þess sem stjórn félagsins áskilur sér rétt til að greina opinberlega frá tilkynningum um framboð í stjórn og varastjórn félagsins.

5. Önnur mál löglega fram borin

Nánari upplýsingar um dagskrá fundarins, hlutaskrá félagsins og tillögur til breytinga á samþykktum félagsins er hægt að nálgast á skrifstofu félagsins að Ármúla 25 í Reykjavík.

Skipti

onWaves Staki talenta. Síminn Ki100.5 mila senda SKJÁRINN radiomidun

TÍMAMÓT

Ástkær móðir okkar, tengdamamma, amma og langamma,

GUÐRÚN RAGNARSDÓTTIR

andaðist 20. júní á dvalarheimilinu Grund í Reykjavík. Jarðaförin fer fram frá Kirkju Óháða safnaðarins kl. 15.00. þann 8. júlí.

Sigríður Bachmann Egilsdóttir
Ragna Bachmann Egilsdóttir
Einar Bachmann Egilsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Ólafur Ásberg Árnason

Yndisleg og ástkær sambýliskona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

JÓNA MARÍA EIRÍKSDÓTTIR
frá Helgastöðum, Biskupstungum,

sem lést sunnudaginn 16. júní verður jarðsungin frá Hveragerðiskirkju laugardaginn 29. júní kl. 14.00.

Guðmundur Daníelsson
Hrönn Árnadóttir
Hrafnhildur Þorsteinsdóttir
Heiðrún Þorsteinsdóttir
Birta María Sigurðardóttir
Saga Þórsdóttir
Hekla Rún Sigurðardóttir

Þór Þorsteinsson
Sigurður Bjarni Hafþórsson

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

RÓLANT DAL CHRISTIANSEN

sem lést þann 12. júní verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni föstudaginn 28. júní klukkan 13.00.

Finnbjörg Grímsdóttir
Margrét Rosa Dahl-Christiansen
Johan Sophus Dahl Christiansen
Arna Soffía Dahl-Christiansen
Anna María Antonsdóttir
Linda Petterson Sanda
Ragnar Antonsson
Björn Antonsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Pétur Hlöðversson
Lilja Eiríksdóttir
Jón Ingi Arngrímsson
Valgarður Arnarson
Bjørn Sanda
Guðbjörg Jensdóttir
Cecilia Antonsson

Okkar elskulegi faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

GUÐMUNDUR ALFONSSON
Sandholti 40, Ólafsvík,

lést á gjörgæsludeild LSH Fossvogi miðvikudaginn 19. júní 2013. Útför hans fer fram frá Ólafsvíkurkirkju föstudaginn 28. júní klukkan 13.00.

Bryndís Guðmundsdóttir
Finnur Guðmundsson
Albert Guðmundsson
Hjörleifur Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabarn.

Samúel Valsson
Petrína Kristjana Ólafsdóttir
Samran Sela
Fríða Sveinsdóttir

Legsteinar og fylgihlutir

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu
og frí sending út á land
á öllum keyptum legsteinum

Mikið úrval - Gerið verðsamanburð

Steinsmiðjan Mosaik
Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - www.mosaik.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, afi, langafi, tengdafaðir, bróðir og mágur,

VIÐAR JÓNSSON
vélstjóri,
Sautjándajúnítorgi 1, Garðabæ,

lést laugardaginn 15. júní. Hann verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju föstudaginn 28. júní kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

Inga Dóra Guðmundsdóttir
Jón Viðar Viðarsson
Margrét Björnsdóttir
Þorlákur Björnsson
Ingunn Björnsdóttir
Gylfi Jónsson

Hanna Regína Jónssdóttir
Kjartan Konráðsson
Sigrún Guðmundsdóttir
Örn Þór Úlfsson
Elín Jóhanna Guðmundsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

GUÐRÚN ÞÓRÐARDÓTTIR SKOWRONSKI
Árskógum 8, Reykjavík,

sem lést á Hrafnistu í Reykjavík föstudaginn 21. júní verður jarðsungin frá Áskirkju fimmtudaginn 27. júní kl. 13.00.

Henry Skowronski
Karol Mantz
Agnes Arnold
Tekla Skowronski
Jane Skowronski
barnabörn og barnabarnabörn.

Helga H. Lúthersdóttir

Donald Arnold

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður, bróður, mágs og frænda,

SKÚLA SKÚLASONAR
verkfræðings.

Sérstakar þakkir til þeirra sem önnuðust hann af hlýhug og alúð á hjúkrunarheimilinu Eir, deild 2. hæð norður.

Kristinn Pétur Skúlason
Jón Gunnar Skúlason
Baldur Skúlason
Anna Skúladóttir
Sigurgísli Skúlason
Guðrún Skúladóttir
Arna Skúladóttir
Hrefna M. Skúladóttir
K. Freyja Skúladóttir
og frændsystkini.

Hildigunnur Ólafsdóttir
Kristín Jónasdóttir
Brynjólfur Á. Mogensen
Kristín R. Úlfljótsdóttir
Magnús Eggertsson

Erik Fjelsted



Elskulegur fósturfaðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi, bróðir og vinur,

SÆMUNDUR JÓNSSON
skipstjóri,
frá Baldurshaga,
Grindavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Víðihlíð í Grindavík föstudaginn 21. júní. Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju föstudaginn 28. júní kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeir sem vilja minnast Sæmundar láti Björgunarsveitina Þorbjörn Grindavík njóta.

Lilja Ósk Þórisdóttir
Hildur og Sæmundur Arnarbörn
Ingibjörg Karen Matthíasdóttir
Lóa Henný Olsen
og fjölskyldur þeirra.

Jónatan Ingi Ásgeirsson

Bryan Lynn Thomas

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

GUÐMUNDUR BJÖRNSSON
fyrrverandi bóndi, Tjarnarkoti,
til heimilis að Gilsbakka 7, Laugarbakka,

verður jarðsunginn frá Melstaðarkirkju föstudaginn 28. júní kl. 13.00.

Ilse Björnsson
Hildur I. Guðmundsdóttir
Björg S. Guðmundsdóttir
Sigrún A. Guðmundsdóttir
Björn Guðmundsson
Ingvar H. Guðmundsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Jón G. Ásgeirsson

Ásdís Þ. Garðarsdóttir
Bryndís H. Pétursdóttir

KVENNAKÓRINN VOX FEMINAE Kórinn frumflytur verkið Dame la mano eftir Báru Grímsdóttur á Kirkjubæjarklaustri.

Sönghátíð á Klaustri

Kammertónleikar, Gissur Páll söngvari ársins og tónlistarsmiðja fyrir börnin.

„Hátíðin hefst á flutningi nokkurra sönglaga sem er að finna á geisladisknum English and Scottish Romantic Songs for Voice and Guitar, en við Francisco Javier Jáuregui erum röddin og gítarinn á disknum ,“ segir Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, listrænn stjórnandi sönghátíðarinnar sem fram fer helgina 28.-30. júní á Kirkjubæjarklaustri. Dagskrá sönghátíðarinnar verður margvísleg og röddin verður hyllt í ýmsum birtingarformum en fram koma ófáir söngvarar með margra ára reynslu. Ber þar einna helst að nefna Gissur Pál Gissurarson, sem nýverið hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem Söngvari ársins. Hann flytur lútulög endurreisnartónskáldsins John Dowland og samtíðarmanna hans frá tímum Shakespeare.

Bára Grímsdóttir er staðartónskáld kammertónleikanna að þessu sinni, en hún samdi verkið Dame la mano. Kvennakórinn Vox feminae frumflytur verkið, ásamt Guðrúnu Jóhönnu Ólafsdóttur mezzósópran, undir stjórn Margrétar J. Pálmadóttur. Ljóðið er eftir Gabrielu Mistral frá Chile, sem var fyrsti rithöfundurinn frá Suður-Ameríku til að hljóta Nóbelsverðlaunin. Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari spilar óvenjulegt verk eftir samtímatónskáldið Thomas Adès, sem hann lýsir sem sprengingu á lútulaginu In darkness let me dwell eftir Dowland.

Jafnhliða tónleikunum verður 5-10 ára börnum boðið að taka þátt í skapandi tónlistarsmiðju undir stjórn Elfu Lilju Gísladóttur.

Hátíðinni lýkur með flutningi allra listamannanna á ítalskri tónlist eftir „bel canto“-meistarana Bellini, Rossini og Donizetti.

marinmanda@frettabladid.is

Okkar kæri frændi,

JÓN GESTUR SIGURÐSSON
frá Tungu,

verður kvaddur í Hvammstangakirkju laugardaginn 29. júní kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hollvinasamtök Heilbrigðisstofnunarinnar Hvammstanga.

Systkinabörn.

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

HJALTI SIGHVATSSON
Fossöldu 3, Hellu,

sem lést miðvikudaginn 12. júní verður jarðsunginn frá Oddakirkju föstudaginn 28. júní kl. 14.00.

Guðrún Frímannsdóttir
Frímann Ottósson
Helga Hjaltadóttir
Þórhildur Hjaltadóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Sigurlaug Guðmundsdóttir
Karl Sigurðsson

Yndisleg móðir okkar,

KRISTJANA GUÐNÝ EGGERTSDÓTTIR (NANNA)

er látin.

Eggert Magnússon
Guðrún Magnúsdóttir
Inga Steinunn Magnúsdóttir
Kristjana Vigdís Magnúsdóttir

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

BOTNLEÐJA MÆTIR TIL LEIKS

Hljómsveitin Botnleðja gefur út safnplötuna „Þegar öllu er á botninn hvolft“ um þessar mundir. Í tilefni þess verða tónleikar í Austurbæ á fimmtudagskvöldið kl. 22. Um tvískipta safnplötu er að ræða en þar er að finna tvö ný lög auk vinsælustu laga hljómsveitarinnar.

White-Westinghouse - *amerísk gæða heimilistæki*

Þvottavél *12 kg* Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari>

Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk gæðavara

BESTA GRILLIÐ „Þetta eru ótrúleg grill og ólík öllum öðrum,“ segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. MYND/VALLI

KOLAGRILLAÐ OG REYKSTEIKT

TEXASBORGARAR KYNNA *Kolagrillaðir og reyksteiktir steikarborgarar, rif, nautalundir og humar á Big Green Egg-grilli er það nýjasta á Texasborgurum.*

Big Green Egg-kolagrillin fara eins og eldur í sinu um allan heim og eru nú komin til Íslands, en þau fást hjá Geira ehf, Bíldshöfða 13, og Garðheimum í Mjódd. „Ég fékk Ólaf Kristjánsson, matreiðslumeistara og einn af eigendum Geira ehf., í Eldhús meistaranna til að kenna áhorfendum á þessi grill og féll gjörsamlega fyrir þeim,“ segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. „Ég setti því upp eitt slíkt á Texasborgurum, en Noma í Danmörku, sem þrisvar hefur verið valið besta veitingahús í heimi, og fleiri heimsfræg veitingahús nota Big Green Egg. Þetta eru ótrúleg grill og ólík öllum öðrum sem ég hef prófað. Þau byggja á þúsund ára gamalli japanskri aðferð, voru fyrst úr leir en nú er notað háþróað keramik hannað af NASA. Hitann stillir maður nákvæmlega eftir hentugleikum frá 50 °C upp í 400 °C þó að um viðarkolagrill sé að ræða. Um leið og maturinn grillast er hægt að reyksteikja hann með spæni. Bæði kjöt og fiskur bragðast dásamlega með þessari aðferð og þetta er eitt það allra besta sem ég hef smakkað.“

EKKERT SLOR Kjöt og fiskur bragðast vel með þessari aðferð. MYND/VALLI

Það er heldur ekkert slor sem fer á grillið. „Steikarborgarar úr handskornum nautalundum, nautasteikur úr lundum, grísarif og humar er það sem mér fannst hæfa grilli eins og þessu.“ Verðið er samt ótrúlega lágt. Sem dæmi kostar 140 g steikarborgarinn með öllu meðlæti aðeins 2.290 kr. og 200 g steik með frönskum, laukhringjum, salati og annaðhvort bernaise- eða koníaks-piparsósu 2.490 kr.

Nánari upplýsingar á Facebook og texasborgarar.is.

2 FYRIR 1

af Tuborg grøn flöskubjór eða glasi af ítalska hágæðavíninu Piccini, hvítu eða rauðu, með mat gegn framvísun þessa miða.

Gildir til 31.7.2013.
Texasborgarar.is
s: 517-3130

Vissir þú að...
börn eiga rétt á aðstoð
og hjálp ef hall lenda í ofbeldi

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Heyrðu umskiptin

Fáðu heyrnartæki til reynslu

Okkar markmið: Að allir íslendingar heyri vel.

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

Hlíðasmári 11, Kópavogur - heyrn.is
Tímapantanir 534 9600

ReSound
"Tækin sem fá lífið til að hljóma eins og það er"

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN
Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

FERÐAÞRÁIN GERIR VART VIÐ SIG Á NÝ

SÓLIN LAÐAR *Árið 2007 var mesta ferðaár Íslendinga til útlanda í sögunni. Þá fóru 470 þúsund manns í flug. Utanlandsferðir minnkuðu hins vegar mikið eftir hrunið. Margt bendir til þess að ferðaþráin sé að gera vart við sig á ný.*

Allir hafa gaman að því að ferðast til annarra landa og skoða menningu og mannlíf. Eftir að krónan hrundi varð hins vegar allt dýrt í útlöndum þannig að flestir héldu sig heima og ferðalög drógust mikið saman. Oddný Þóra Óladóttir, rannsóknarstjóri hjá Ferðamálastofu, segir að árið 2007 hafi verið einstakt ferðaár. Ferðamálastofa heldur utan um tölur íslenskra farþega til og frá landinu. Oddný segir að ferðamannafjöldi hafi farið úr 470 þúsund manns árið 2007 í 254 þúsund árið 2009, sem er fækkun upp á 46%. Hins vegar hafi fjöldi ferðamanna verið að þokast hægt og sígandi upp á við. „Árið 2010 var farþegafjöldi 295 þúsund, árið 2011 var hann 342 þúsund, árið 2012 var hann 358 þúsund. Það sem af er þessu ári hefur orðið 2% fjölgun miðað við síðasta ár en gera má ráð fyrir enn meiri fjölgun í sumar," segir Oddný.

NOTALEGT LÍF Margir vilja stökkva til sólarlanda þessa dagana.

VILJA STÖKKVA Í SÓLINA

Daði Guðjónsson hjá Úrvali Útsýn segir að mjög vel hafi gengið að bóka í sólarferðir í sumar. „Við höfum fundið fyrir um 20% aukningu á sölu farmiða til sólarlanda hjá Úrvali Útsýn miðað við sama tímabil í fyrra, en stöðug aukning hefur verið á eftirspurn eftir utanlandsferðum eftir hrun. Þetta er góður vísir á að íslensk heimili séu eitthvað að rétta stöðuna hjá sér en þetta segir kannski aðallega það að óvissuástandið frá hruninu sé mun minna núna," segir hann.

„Aukningin helst líka í hendur við aukið framboð hjá okkur, en við kynntum nýjan sólaráfangastað í sumar, Costa Brava, sem gengið hefur mjög vel í sölu. Ekki sakar að íslenska veðrið hefur ekki verið með besta móti og við höfum fundið mikið fyrir því að fólk vilji stökkva út í sólina."

■ elin@365.is

RISA
ÍÞRÓTTAMARKAÐUR

Fimmtudaginn 27. og föstudaginn 28. júní kl. 13.00 – 20 verður stóri íþróttamarkaðurinn haldin í Laugardalshöll. Markaðurinn verður í gangi bara þessa tvo daga og eftir miklu að slægjast.

Ameríkuverð á skóm og fatnaði frá Asics, Brooks, Ecco, Casall, Hummel, North Rock, Compressport, Ronhill o.fl.

Starfmenn Atlas göngugreiningar ráðleggja með tölvugreiningarbúnaði um val á skóbúnaði eftir þínu fótlagi og niðurstigi.

Starfsmenn frá flestum vörumerkjunum verða á staðnum með kynningar og aðstoða viðskiptavini.

Komdu og gerðu frábær kaup á alla fjölskylduna.

HARRODS OPNAR VERSLUN Á SARDINÍU

Nú er hægt að nálgast Harrods-vörur við lúxusströndina Porto Cervo á Sardiníu. Þetta er fyrsta verslunin sem Harrods opnar utan Bretlands. Verslunin hefur þó verið með útibú á nokkrum flugvöllum, meðal annars í Japan og Malasíu. Um tímabundna opnun er að ræða í sumar en ef vel tekst til verður áframhaldandi opnun næsta sumar.

Þar sem eingöngu auðmenn dvelja á þessum stað eða koma við á lúxussnekkjum er vöruverð í hærri kantinum, enda eingöngu lúxusvörumerki í boði. Verslunin og umhverfið var hannað af frægum ítölskum arkitekt, GioPagani.

Verslunin er staðsett á bryggjunni þar sem snekkjurnar leggja að en lúxushótelin eru skammt undan.

Qatar Holding eignaðist Harrods árið 2010, en fyrirtækið á fjögur lúxushótel í Porto Cervo og höfnina að auki. Það var Mohamed Al-Fayed sem seldi Harrods til Qatar, sem jafnframt eru stórir eigendur Sainsbury-verslanakeðjunnar. Forstjóri og framkvæmdastjóri The Qatar Investment Authority er sheik Hamad bin Jassem bin Jabr Al Thani. Fyrirtækið er fjárfestingarfyrirtæki frá Katar sem notar olíu- og gassjóð til kaupa á eigulegum fyrirtækjum um allan heim. Qatar Holding er dótturfyrirtæki QIA.

HARRODS Fyrsta Harrods-verslunin fyrir utan Bretland er á ítölsku eyjunni Sardiníu.

STJÖRNURNAR Frægar Hollywood-stjörnur eru tíðir gestir á Sardiníu.

OZ-APPIÐ ER GARGANDI SNILLD AÐ MATI NOTENDA

2

MIÐVIKUDAGUR 26. JÚNÍ 2013

6. TÖLUBLAÐ 1. ÁRGANGUR

DAGSKRÁRBLAÐ STÖÐVAR 2

DALLAS

Gáfnaljósið Jordana Brewster leikur í Dallas

LATIBÆR

Hin 11 ára gamla Chloe Lang er hin nýja Solla stirða

GOOD COP

Framhaldsmynd júlímánaðar á Stöð 2 er bresk lögreglusaga framleidd af BBC

BESTA SVARIÐ

Söngvarinn Jón Jónsson mætir með þrjá góða vini



LÖGREGLA ÁN LANDAMÆRA Í GLÆNÝJUM SAKAMÁLAÞÁTTUM Á STÖÐ 2 Í JÚLÍ

FRÁBÆR TILBOÐ Í STÖÐ 2 VILD

krakkar | GULL | BÍÓ | POPP TÍVÍ | SPORT | SPORT 2

ÓMISSANDI Í VIKUNNI

HIÐ BLÓMLEGA BÚ
Miðvikudag
Kl. 20.00

BREAKING BAD
Fimmtudag
Kl. 21.10



ARRESTED DEVELOPMENT
Föstudag
Kl. 19.35

THE NEIGHBORS
Laugardag
Kl. 19.20

RIZZOLI & ISLES
Sunnudag
Kl. 20.35

BOSS
Mánudag
Kl. 22.20

TWO AND A HALF MEN
Þriðjudag
Kl. 20.45

BÚNINGARNIR **FRÁBÆRIR**

Hún er aðeins 11 ára en syngur, dansar og leikur eins og atvinnumaður. Chloe Lang leikur Sollu stirðu í nýrri þáttaröð Latabæjar sem sýnd er á laugardögum í sumar.

LATIBÆR
Kl. 17.55 laugardagur

Hvað ertu gömul? Ég er ellefu ára, verð tólf í nóvember.

Hvaðan ertu? Ég er fædd og uppalin í Connecticut-ríki í Bandaríkjunum.

Hvenær byrjaðir þú að leika, syngja og dansa? Ég byrjaði í danskennslu átján mánaða gömul. Byrjaði að syngja þegar ég var sex og fór að læra leiklist sjö **ára.**

Hefur þú unnið í skemmtanabransanum fyrir Latabæ? Ekki í sjónvarpsþáttum en ég hef leikið í auglýsingum.

Hvenær kynntist þú fyrst Latabæ? Ég sat oft með bróður mínum, sem er tveimur árum eldri en ég og var mikill aðdáandi þáttanna, og horfði á Latabæ þegar ég var lítil.

Hvernig fékkstu hlutverk Sollu? Ég fékk símtal frá umboðsmanninum mínum, sem sagði að ég hefði fengið boð í áheyrnarprufu í New York. Við fórum og tveimur dögum síðar var mér boðið að koma aftur. Hálfum mánuði síðar fékk ég hlutverkið.

Hvernig er að vinna með Magga Scheving? Hann er frábær. Honum fylgir mjög jákvæð orka og hann fær frábærar hugmyndir að atriðum. Það er mjög gaman að vinna með honum og við náum að afkasta miklu enda er hann afar orkumikill.

En hvernig er að vinna með brúðum? Það er mjög áhugavert. Stundum er það reyndar svolítið erfitt en ég hef fengið mjög góð ráð frá brúðustjórnendunum og við æfum okkur í að ná þessu rétt.

Hvað er erfiðast við að leika í Latabæ? Það er mikið um dansatriði í þáttunum, þar á meðal er tónlistarmyndband í hverjum þætti. Ég þarf því að læra mörg dansspor sem ég þarf að muna í heila viku.

Hvað er skemmtilegast við að leika í Latabæ? Skemmtilegast við vinnuna finnst mér að þættirnir eru afar fjölbreyttir þegar kemur að búningum og sviðsmynd. Það er alltaf spennandi að sjá hvaða föt ég fæ að fara í og hvernig sviðsmyndin mun líta út. Stundum fæ ég líka að gera eigin áhættuatriði, þar sem ég flýg meðal annars í gegnum loftið fest í víra.

Hefur þú dvalið lengi á Íslandi? Ég var hér í hálft ár í fyrra, svo kom hálfs árs pása. Síðan er ég á Íslandi núna í nokkra mánuði meðan tökur fara fram.

Hefur þú ferðast um landið? Ég fór gullna hringinn og í Bláa lónið. Fór til Vestmannaeyja, í Þórsmörk og víðar. Ég fór á Segway-hjól um síðustu helgi með vinum mínum og það var rosalega skemmtilegt.

Áttu einhver áhugamál? Mér finnst gaman að teikna og mála og svo er ég að kenna sjálfri mér á gítar.

Hvað með skólann? Ég er með einkakennara sem er á tökustað og þegar ég er ekki í tökum fer ég til hennar og við lærum saman. Ég fer þannig fram og til baka.

Er þetta skemmtilegur lífsstíll? Já, mjög skemmtilegur, hann heldur mér við efnið.

OZ ER GARGANDI SNILLD

Hilmar Þór Guðmundsson, eigandi Sport.is, er himinlifandi notandi OZ-appsins.

„Ég hef notað OZ-appið víða en það hefur komið sér sérstaklega vel þegar ég hef verið á ferð og flugi og getað notað það við vinnu við að skrifa á Sport.is.

Hann segir ákveðna kosti OZ-appsins koma sér vel.

„Það er frábært að geta spólað fram og til baka til að skoða atvik betur og hef ég nýtt mér það mikið til að skoða umdeild atvik í leikjum og þess háttar. Þá er gott að geta tekið upp efni til að horfa á síðar, en það hefur maður ekki getað nýtt sér að neinu ráði síðan maður var með VHS-vídeótækið í notkun um árið.“

Hilmar er líka mjög kátur með OZ-appið þegar börn eiga í hlut.

„Það er gargandi snilld að hafa OZ-appið til notkunar þegar börn vilja einoka sjónvarpið. Þá getur maður horft á aðra dagskrá eða beinar útsendingar sjálfur. Svo sleppur maður við að hafa sjónvarp í eldhúsinu, en það er ansi þægilegt að geta haft útsendingu á þegar maður stendur í stórræðum í matargerðinni.“

Hilmar hefur notað OZ-appið allt frá því það var í beta-prófunum.

Hilmar Þór Guðmundsson er framkvæmdastjóri Sport.is. Hann nýtir OZ-appið við flest tækifæri daglegrar tilveru.

„Mér finnst það eflast jafnt og þétt, enda verið að búa til forrit sem er einstakt á sínu sviði og ég efa ekki að erlendar sjónvarpsstöðvar eigi eftir að henda sér á svona lausnir eins og OZ og Stöð 2 eru að bjóða upp á.“

MEÐ BA-GRÁÐU FRÁ YALE

